

SIJÓNVARPSVÍSIR

JANÚAR 2014

BROT AF ÞVÍ BESTA
ÚR DAGSKRÁNNI

ÓLAFUR DARRI
Í TVEIMUR ERLENDUM
ÞÁTTUM Á STÖÐ 2

GOLFSTÖÐIN
NÝ STÖÐ MEÐ
GOLF ALLT ÁRIÐ

ÞORGERÐUR KATRÍN ER
DÓMARI Í ÍSLAND GOT TALENT

STÆRSTA HÆFILEIKA-
KEPPNI Í HEIMI



Krakka
Stöðin



BÍÓ
STÖÐIN

GULL
STÖÐIN

SPORT

SPORT 2



Golfstöðin



MÖGNUM MORÐGÁTA

2 TRUE DETECTIVE
HEFST 13. JANÚAR

Matthew McConaughey og Woody Harrelson leika aðalhlutverkin í spennuþáttaröðinni True Detective sem hefur göngu sína á Stöð 2 mánudaginn 13. janúar.

Það er HBO-sjónvarpsstöðin sem framleiðir og sýnir þættina í Bandaríkjunum og Stöð 2 hefur sýningar á þeim innan við sólarhring eftir frumsýningu á HBO. Þáttanna hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu allt frá því að HBO tilkynnti um framleiðslu þeirra. Sagan gerist á 17 ára tímabili og þykir mjög spennandi. Lögreglumennirnir Martin Hart (Harrelson) og Rustin Cohle (McConaughey) rannsaka hrottalegt morð á ungru konu í Louisiana árið 1995. Sautján árum síðar er málið tekið upp aftur og áhorfendur fá að sjá hve djúpstæð áhrif það hafði á lögreglumennina og líf þeirra. „Þetta er ólíkt öllu öðru sem ég hef lesið eða leikið í,“ segir Matthew McConaughey. „Þegar ég las handritið fyrst var mér boðið hlutverk Martins Hart. Ég heillaðist hins vegar meira af hinu hlutverkinu og sagðist miklu frekar vilja leika Rostin Cohle.“

McConaughey hefur aldrei áður leikið aðalhlutverk í sjónvarpsþáttum en frammistaða hans hefur vakið mikla athygli hjá samstarfsfólki. „Það er frábært

að fylgjast með Matthew í þessu hlutverki. Ég held að þetta sé besta frammistaða hans til þessa,“ segir Woody Harrelson sem þekkir McConaughey vel. Þeir léku saman í gamanmyndinni EDtv árið 1999 og hafa verið miklir vinir allar götur síðan.

Leikkonan Michelle Monaghan leikur í þáttunum og hún hreifst af mótleikurum sínum. „Það er frábært að sjá hvernig Matthew og Woody vinna saman. Þeir draga fram það besta hvor hjá öðrum. Að mínu mati hafa þeir aldrei verið betri,“ segir Monaghan.

„Það er frábært að fylgjast með Matthew í þessu hlutverki. Ég held að þetta sé besta frammistaða hans til þessa.“

Woody Harrelson



ÓLAF

LEIKUR Í TVEIMUR

Ólafur Darri Ólafsson verður þausætinn í stofum landsmanna í janúar því þá leikur hann hlutverk í tveimur æsispennandi og stjörnum prýddum bandarískum spennuþáttum.

„Mamma hlýtur að vera stoltust af mér, og auðvitað pabbi, en ég veit ekki hvort þau viti af því að þættirnir verði sýndir nú í janúar,“ segir Ólafur Darri sem í það minnsta hefur ekki tilkynnt foreldrum sínum að þættirnir True Detective og Banshee verði frumsýndir á Stöð 2 í janúar, en í þeim báðum fer Ólafur Darri með hlutverk.

„Þetta skrifast á félagsfælni leikarans sem er blanda af feimni og einhvers konar uppgerðar lítillæti. Samt er ég frekar stoltur af þessum verkefnum og yrði spældur ef þættirnir færu framhjá þeim. Ég læt þau því vita,“ segir Ólafur Darri.

„Ég er spenntur að sjá þættina og hef séð brot úr True Detective sem sannarlega sló ekki á spenningsinn. Það var líka gaman að leika hlutverkið þótt það hafi ekki verið stórt. Vonandi tókst vel til en það glataða er að ég er ekki áskrifandi að Stöð 2. Ég skýst því kannski eitthvert í heimsókn eða splæsi í mánaðaráskrift í janúar,“ segir Ólafur Darri og brosir í kampinn.

Þegar upp er staðið finnst honum þó best að horfa á sjálfan sig í einrúmi.

„Sem leikari er maður stundum svolítið meðvitaður um sjálfan sig og það sem maður er að gera. Það er leiðinlega sjálfhverft en í eðli allra listamanna að vilja gera vel og vera gagnrýnir á sjálfan sig.“

Minnst fyrir tómatinn

Ólafur Darri segir skrytna tilfinningu að vera brátt sýnilegur í tveimur erlendum þáttaröðum í íslensku sjónvarpi.

„Það er absúrd eins og allt mitt líf allt síðasta ár. Frægðarsól mín hér heima hefur þó síst risið hærra við verkefnið í útlöndum því hún reis hvað brattast þegar ég lék í Fangavaktinni og þar á undan skondinni Síma-auglýsingu sem enn situr í fólki,“ segir Ólafur Darri og rifjar upp skemmtilegt atvik þegar Baltasar Kormákur vann að Djúpinu.

„Þá kom til hans kona í Vestmannaeyjum sem vildi vita hver færi með aðalhlutverkið. Þegar Baltasar nefndi nafn mitt var það fyrsta sem kom upp í huga konunnar að ég væri gaurinn sem lék tómat í Síma-auglýs-



2 BANSHEE
HEFST 12. JANÚAR

UR DARRI

NÝJUM ÞÁTTUM Á STÖÐ 2 Í JANÚAR

ingu. Mín verður sennilega minnst fyrir það hlutverk þegar upp er staðið og það hjálpar til að draga mann niður á jörðina,“ segir Ólafur Darri og skellir upp úr.

Í þáttaröðinni True Detective leikur Ólafur Darri á móti stórstjörnunum Woody Harrelson og Matthew McConaughey en þeir Matthew náðu vel saman.

„Ég vissi að hans var von til Íslands vegna myndar Christophers Nolan, Interstellar, en því miður var ég í tökum fyrir prufuþáttinn Line of Sight í Atlanta þegar Matthew kom til landsins. Ellegar hefði ég vitaskuld reynt að sýna honum land og þjóð eftir föngum,“ segir Darri og bætir svo við brosandi: „Nei, annars, ætli hann muni eftir mér?“

Enn er óljóst hvort Line of Sight verði framleiddur en þættirnir eru blanda af spennu og dramatík. Skyldi Ólaf Darri langa að leika í rómantískum gamanþáttum?

„Það væri örugglega gaman og ögrandi nýjung. Mesta áskorun leikara er að gera ólíka hluti. Ég heyrði nýlega viðtal við Björk í útvarpinu þar sem hún sagðist alltaf fást við það sem henni fyndist erfiðast eða leiðinlegast þegar kæmi að viðfangsefni platna sinna. Það þykir mér sniðug áskorun fyrir listamann; að gera það sem honum þykir erfitt.“

Náttúra og listamenn

Þegar Ólafur Darri hefur verið við tölur á sjónvarpsþáttunum vestra hefur hann tekið með sér brennivín og harðfisk og hótað því að koma með hákarl.

„Ætli það sé ekki vegna þess hve við Íslendingar eru fámennir að mér finnst ég vera gangandi landkynning. Manni finnst maður þurfa að koma vel fyrir, vera svolítið skemmtilegur og stoltur af landi og þjóð, sem ég á alls ekki erfitt með þótt við séum stundum algjörir vitleysingar,“ segir Ólafur Darri.

Hann segir útlendingum þykja merkilegt að hitta Íslendinga ytra því þeir séu fáir og álitnir kúl.

„Ég veit að stjórnmálamennirnir okkar óska þess að kúlheitin skrifist á það að mæta í boð í sitthvorum skónum en ástæðan er fyrst og fremst náttúran og listamenn eins og Björk, Sigur Rós, Of Monsters and Men, Ragnar Kjartansson, Baltasar Kormákur og svo lengi mætti telja. Því ættum við að passa upp á þessa dýrmætu hluti okkar: íslenska náttúru og íslenska listamenn.“

BANSHEE-VEISLA Í BYRJUN JANÚAR

Banshee er stórbrotin þáttaröð um fyrrverandi fanga sem heldur til smábæjarins Banshee í leit að fyrrverandi ástkonu sinni og glæpafélaga. Hún hefur tekið upp nýtt nafn og er orðin ráðsett húsmóðir í þessum rólega bæ þar sem stór hluti íbúa er Amish-fólk. Tilviljun ræður því að fanginn fyrrverandi er talinn vera nýr lögreglustjóri bæjarins og fljótlega kemur í ljós að það kraumar mikil ólga í þessu litla

samfélagi.

Fyrsta þáttaröðin af Banshee var sýnd á Stöð 3 í haust og hún verður rifjuð upp á Stöð 2 í byrjun janúar. Frá sunnudeginum 5. janúar til fimmtudagsins 9. janúar verða sýndir tveir þættir í röð síðla kvölds og allir 10 þættirnir í fyrstu þáttaröð verða einnig aðgengilegir á Stöð 2 Frelsi.

Önnur þáttaröð, sem Ólafur Darri leikur í, hefur síðan göngu sína

á Stöð 2 sunnudaginn 12. janúar, innan við tveimur sólarhringum eftir frumsýningu þáttanna í bandarísku sjónvarpi. Banshee kemur úr smiðju Alans Ball sem hlaut Óskarsverðlaunin fyrir handritið að kvikmyndinni American Beauty og Emmy-verðlaun fyrir leikstjórn á þáttaröðinni Six Feet Under. Hann er einnig maðurinn á bak við þáttaröðina True Blood sem sýnd hefur verið á Stöð 2.

Ísland Got Talent hefst sunnudaginn 26. janúar



GÓÐ ÁMINNING UM AÐ ELTA DRAUMA SÍNA

Bubbi Morthens, Þórunn Antonía, Þorgerður Katrín og Jón Jónsson skipa dómnefndina í Ísland Got Talent og Auðunn Blöndal er kynnr. Þættirnir hefja göngu sína á Stöð 2 sunnudaginn 26. janúar og það er til mikils að vinna fyrir þátttakendur því að í verðlaun eru 10 milljónir króna.

Það er óhætt að segja að Got Talent sé stærsta hæfileika-keppni í heimi. Gerðar hafa verið 55 mismunandi útgáfur af þáttunum um víða veröld og hefur engin önnur hæfileika-keppni náð viðlíka vinsældum. Þættirnir hafa náð toppsætinu í áhorfsmælingum á 44 af þeim stöðvum sem þeir hafa verið sýndir á. Áætlað er að yfir 460 milljónir áhorfenda hafi séð Got Talent einhvers staðar í heiminum síðan þættirnir fóru fyrst í loftið. Áhorfendur Stöðvar 2 ættu að kannast vel við fyrirkomulagið í Got Talent-þáttunum. Fimm þáttaraðir af bandarískri útgáfu þáttarins voru sýndar á Stöð 2 á

árunum 2008 til 2011. Eftir að Stöð 2 tilkynnti að þættirnir yrðu á dagskrá í vetur varð strax ljóst að Íslendingar hafa mikinn áhuga og það býr mikið hæfileikafólk í öllum landshornum. Fólk á öllum aldri var boðið að taka þátt og skipti þá engu hvort hæfileikarnir voru á sviði tónlistar, leiklistar, galdra, uppstands, íþróttar, dans, áhættuatriða eða einhvers annars. Eins máttu hópar skrá sig til leiks og ekkert aldurstakmark er í keppnina. Leitinn að hæfileikaríkustu Íslendingunum hófst í október með hringferð um landið. Alls fengu um eitt þúsund einstaklingar eða hópar að

spreyta sig og voru 120 atriði valin til að taka þátt í fyrstu umferð. Tökur á fyrstu þáttunum hófust síðan í Austurbæ í desember og dómarnir komust fljótt að því að þeirra hlutverk er alls ekki auðvelt. „Það er aldrei gaman að þurfa að senda fólk heim,“ segir Bubbi og Jón tekur í sama streng: „Það var oft mjög erfitt að segja nei við keppendur sem voru bara hársbreidd frá því að vera með það sem þarf. En á móti má segja að það var skemmtilegt að sjá ánægju-svipinn á keppendum þegar maður gaf þeim þriðja eða fjórða jáið.“ Þórunn Antonía liggur ekki á

skaðunum sínum. „Það er ekki gaman að þurfa að brjóta niður einhverjar væntingar og drauma sem viðkomandi hafði en við erum þarna til að finna sigurvegara og fólk gerir sér grein fyrir því að þetta er keppni. Ég hef það að markmiði að vera heiðarleg og segja mína skoðun á atriðinu hverju sinni,“ segir Þórunn. „Það er mjög fallett að verða vitni að því þegar fólk er að upplifa ákveðinn draum og Ísland Got Talent er góð áminning um að elta drauma sína,“ segir Jón. Þegar þau eru spurð hvort þau séu búin að finna sigurvegarann vilja þau að sjálfsgöðu ekkert gefa upp um það. „Það eru fleiri en einn sem koma til greina,“ segir Bubbi. „Þetta verður bara að koma í ljós,“ segir Þórunn leyndardómsfull.

VIÐAMESTA VERKEFNI STÖÐVAR 2 FRÁ UPPHAFI

Upptökurnar á Ísland Got Talent eru þær víðamestu sem Stöð 2 hefur ráðist í frá upphafi. Framleiðsludeild Stöðvar 2 vinnur þættina í samstarfi við RVK Studios og alls koma 70 starfsmenn að framleiðslu þáttanna. „Þetta er fyrsta stóra verkefni nýs útsendingarþátt Stöðvar 2 sem er búinn 8 HD-myndavélum og auk þess eru 8 aðrar HD-myndavélar víðs vegar um húsið,“ segir Gísli Berg, framleiðslustjóri Stöðvar 2.

FJÁRSJÓÐUR AF HÆFILEIKUM



2 ÍSLAND GOT TALENT
HEFST 26. JANÚAR



„Það er erfitt að vísa fólki frá sem hefur lagt ást og alúð í atriðin en er ekki með hæfileikana til að fullklára verkefnið.“

Þorgerður Katrín

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra, er einn fjögurra dómara í hæfileikakeppninni Ísland Got Talent á Stöð 2. Hún segist taka hatt sinn ofan fyrir öllum þeim hæfileikaríku keppendum sem taka þátt í keppninni.

Eftir upptökur á fyrstu þáttunum segir Þorgerður dómarastarfið hafa verið skemmtilegt og krefjandi. „Skemmtilegast er að upplifa þá fjölbreytni, fagmennsku, áhuga og síðast en ekki síst hæfileika á ýmsum sviðum sem keppendur búa yfir. Svo er gleðin og eftirvæntingin hjá keppendum kirsuberið ofan á þá fínu tertu,“ segir Þorgerður.

En hvað reyndist henni erfiðast? „Í raun hefur lítið verið erfitt nema að vísa fólki frá sem hefur lagt ást og alúð í atriðin en ekki verið með hæfileikana til að fullklára verkefnið. En þetta er hluti af þáttunum. Erfiðast verður síðan að sigta út þá sem komnir eru áfram. Þar verða eflaust einhverjir slagir sem dómnefndin á eftir að taka sín á milli.“ Fyrirfram hefðu flestir búist við að Bubbi yrði óvægðasti dómari en Þorgerður segir það ekki endilega hafa orðið raunin. „Ætli við séum ekki öll sanngjörn með því að vera

við sjálf. En Bubbi er á sínum stað!“ Eins og þeir sem séð hafa erlendar útgáfur þáttanna vita eru dómaramir ekki alltaf sammála en var einhver togstreita milli íslensku dómaraanna?

„Í stóru myndinni vorum við sammála en vissulega stigu keppendur fram á sviðið sem áttu ekki hljómgrunn hjá öllum.“

Stökkpallur fyrir keppendur

Þorgerður segir að Ísland Got Talent sé tvímælaust stökkpallur fyrir þátttakendur. „Svo eru verðlaunin ekki af verri endanum. Þátturinn vekur athygli á keppendum víða í samfélaginu en verum líka minnug þess að oftast er nú hver sinnar gæfu smiður,“ segir Þorgerður en hefði hún sjálf tekið þátt í slíkum þætti hefði það verið í boði á sínum tíma?

„Það hefði örugglega hvarflað að mér en ég er samt ekki viss um að ég hefði haft sama kjark og þessir frábæru keppendur hafa

sem nú taka þátt. Ég tek hatt minn ofan fyrir þeim.“

Þorgerður segist hafa séð marga keppendur sem komu henni á óvart og að það búi greinilega miklir hæfileikar í Íslendingum.

„Það er víða falinn fjársjóður af hæfileikum í samfélaginu. Síðan er bæði gott og mikilvægt að finna þá fagmennsku sem við Íslendingar höfum komið okkur upp í tengslum við framleiðslu á sjónvarpsefni og kvikmyndum. Þeirri fagmennsku þarf sífellt að viðhalda og hún þarf að njóta skilnings þeirra sem með stefnumótun hafa að gera á sviði sjónvarpsgerðar og kvikmyndalistar,“ segir Þorgerður.

Hefur aðkoma þín að þáttunum orðið þér innblástur á einhvern hátt?

„Já. Brýning um að dæma aldrei fyrirfram. Gefa öllum tækifæri. En líka hversu mikilvægt það er fyrir líkama og sál að gera reglulega það sem manni finnst gefandi og skemmtilegt.“

LEYNDARMÁL OG LYGAR



Breska þáttaröðin *Breathless* hefur göngu sína á Stöð 2 sunnudaginn 5. janúar. Þetta eru dramatískir þættir um lækna og hjúkkur á spennandi tímum.

Þættirnir gerast snemma á sjöunda áratug síðustu aldar og þeir hafa því verið bornir saman við bandarísku verðlaunþættina *Mad Men* en hér er aðalsöguhetjan kvensjúkdómalæknirinn Otto Powell. Hann nýtur virðingar í starfi og mikillar hylli hjá hjúkkunum á spítalanum. Hann er giftur og á yfirborðinu lifir hann hinu fullkomna lífi en undir niðri krauma leyndarmál og lygar. Jack Davenport leikur aðalhlutverkið í þáttunum en hann er einn flottasti leikari Breta í dag. Hann segist hafa kynnt sér líf kvensjúkdómalækna fyrr á árum. „Á þessum tíma voru bara karlmenn í þessum störfum og þeir voru ekki mjög tillitssamir við sjúklingana. Ég hef talað við lækna sem störfuðu á þessum árum og þeir skammtast sín svolítið fyrir hversu ónærgætnir og tillitslausir þeir voru,“ segir Davenport.

2 BREATHLESS
SUNNUDAGA KL. 20.10



SPAUGSTOFAN NÁLGAST ÞRÍTUGT

2 SPAUGSTOFAN
LAUGARDAGA KL. 19.35

Spaugstofan mætir hress til leiks á nýju ári og fyrsti þáttur ársins er á dagskrá laugardaginn 11. janúar. Laddi verður áfram með í hópnum og setur skemmtilegan svip á þáttinn.

„Það er heilmikil ánægjuleg viðbót að fá Ladda í hópinn. Við vorum alltaf með gest í hverri viku og það var fínt. Okkur fannst þó að eftir að Laddi kom til liðs við okkur hafi viðbrögðin orðið sterkari við þáttunum. Það er langt síðan hann var á skjánum síðast og hefur ekki gert neitt annað en að batna sem leikari. Við höfum unnið mikið með Ladda í gegnum árin og hann hefur alltaf fallið vel í þennan hóp, bæði sem leikari og hugmyndasmiður.

Laddi er verðmætur maður,“ segir Örn Árnason leikari. „Við vinnum þættina frá viku til viku, tókum okkur smá pásu í kringum jólin og sveiflumst svolítið eftir gengi og geði landans. Ég held að við getum fullyrst að veturinn verður skemmtilegur, að minnsta kosti miðað við það sem á undan er gengið. Við nýtum okkur þær aðstæður sem koma upp í samfélaginu en þær geta líka orðið kveikja að einhverju öðru. Það

er gott fóður fyrir hendi þótt við speglum ekki nákvæmlega allt það sem kemur upp á í þjóðfélaginu,“ segir Örn. Árið 2015 verður Spaugstofan þrítug og Örn segir að þeir hafi vilja til að halda áfram þangað til og halda upp á afmælið með stæl. „Við erum mjög ánægðir með það mikla áhorf sem við höfum fengið undanfarið, erum ávallt á topp fimm hjá Stöð 2 í áhorfsmælingum.“

„Í þáttunum koma fram staðreyndir og reynslusögur sem hreinlega geta breytt lífi áhorfenda til batnaðar og það finnst mér mjög spennandi.“

– Vala Matt



NÝTT MEÐ BREYTTU

Heilsugengið er nýr þáttur sem hefur göngu sína á Stöð 2 fimmtudaginn 16. janúar en þar verður fjallað um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti. Þættirnir, sem verða átta talsins, verða í umsjón Völu Matt en henni til halds og trausts verða hjúkrunarfræðingurinn og næringarþerapistinn Þorbjörg Hafsteinsdóttir og heilsu- og hráfæðis-kokkurinn Sólveig Eiríksdóttir.



LÍF

MATARÆÐI

Hver þáttur verður þrískiptur. „Fyrst tek ég viðtöl við fólk sem hefur hreinlega læknað sig sjálft með því að breyta um mataræði og lífsstíl,“ segir Vala. „Í sumum tilfellum er um að ræða fólk sem áður þurfti að taka lyf en gat með breyttum lífsstíl losað sig alfarið við þau og öðlast betra líf. Sumum tókst jafnvel að grennast í leiðinni án þess að það hafi endilega verið ætlunin. Þá munum við heimsækja þjóðþekktu Íslendinga

sem eru að kljást við ýmis hversdagsleg heilsufarsvandamál. Þar kemur Þorbjörg til sögunnar en hún gefur góð ráð um hvaða mat viðkomandi ætti að borða og hverju ráðlagt er að sleppa til að bæta heilsuna.“ Vala segir ýmis vandamál til umfjöllunar sem margir ættu að kannast við. Í lokin mætir svo Solla til leiks og kennir áhorfendum að búa til holla og bragðgóða rétti sem jafnframt geta slegið á hina ýmsu hversdagskvilla. Auk þess

verður boðið upp á alls kyns einföld heilsuráð sem nýtast öllum. Vala segir enga ákveðna fyrirmynd að þáttunum. „Viða í fjölmörgum erlendis er þó verið að fjalla á ýmsan hátt um þýðingu mataræðis fyrir heilsu og okkar og lífsgæði. Það hefur orðið heilmikil vitundarvakning hjá almenningi um mikilvægi fæðu, bæði sem forvarnar gegn sjúkdómum og einnig sem lækningar við ýmsum kvillum. Við tökum

inn allt of mikið af lyfjum sem aðeins slá á einkenni sjúkdóma eða hversdagskvilla. Í mörgum tilfellum reynum hvorki við né lækna að finna rót vandans. Í þáttunum koma fram staðreyndir og reynslusögur frá einstaklingum sem hreinlega geta breytt lífi áhorfenda til batnaðar og það finnst mér mjög spennandi.“

BROT AF ÞVÍ BESTA 5.-11. JANÚAR

SUNNUDAGUR 5. JANÚAR

Hið blómlega bú (5:6)
Stöð 2 kl. 19.45




Árni útbýr rúgbrauðsdeig, marínerar saltsíld og býður upp á gufusoðinn þorsk með sjósoðnum kartöflum.

Sjálfstætt fólk

Stöð 2 kl. 19.10
Jón Ársæll heldur áfram að taka hús á áhugaverðum Íslendingum sem hafa sögur að segja.

The Tunnel (6:10)

Stöð 2 kl. 20.55
Spennan magnast og sannleiksmorðin halda áfram. Núna eru það fjórir vandræðaunglingar sem eru myrtir.



Banshee (1:10)

Stöð 2 kl. 21.40
Fyrsta þáttaröð af Banshee rifjuð upp. Tveir þættir á kvöldi í fimm daga. Önnur þáttaröð hefst næsta sunnudag.

The Vampire Diaries (18:22)

Stöð 3 kl. 20.30



Elena og Stefan fara saman á skóladansleik en Klaus er staðráðinn í að fórna Elenu og binda enda á vampíruálögin.

Man. Utd - Swansea

Stöð 2 Sport kl. 16.20
Toppleikur í þriðju umferð FA-bikarkeppinnar þar sem Man. Utd og Swansea mætast.

This Means War

Bíóstöðin kl. 23.50
Gamansöm spennumynd með rómantísku ívafi með Tom Hardy, Reese Witherspoon og Chris Pine í aðalhlutverkum.

Hvíti kóalabjörninn

Krakkastöðin kl. 19.00



Skemmtileg teiknimynd um hvíta kóalabjörninn Jonna sem ákveður að ganga til liðs við ferðasirkus.

MÁNUDAGUR 6. JANÚAR

Nashville (1:20)
Stöð 2 kl. 20.05



Önnur sería þessara frábæru þátta um kántrísöngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes.

Eitthvað annað (3:8)

Stöð 2 kl. 19.20
Lóa Pind fjallar um fólkið á bak við íslensk sprotafyrirtæki, fólk sem þeir að stíga út úr þægindaramma launþegans og láta drauminn um að gera „eitthvað annað“ rætast.

Mary and Martha

Stöð 2 kl. 20.50



Mögnuð mynd með Hilary Swank og Brendu Blethyn í aðalhlutverkum. Myndin segir sögu tveggja mæðra sem neita að gefast upp eftir að óvæntur harmleikur leiðir þær saman.

Skjaldbak og hérinn

Krakkastöðin kl. 19.00
Frábær teiknimynd byggð á klassísku ævintýri en hér með skemmtilegum útrúningi.

The Glades (3:13)

Stöð 3 kl. 20.30
Léttir og skemmtilegir sakamálaþættir um lögreglumanninn og sjarmörinn Jim Longworth.

Ally McBeal (11:23)

Gullstöðin kl. 21.05



Gamanþættir um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar. Toppþættir úr smíðju David E. Kelley.

Tristan + Isolde

Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.35
Rómantísk ástarsaga með James Franco og Sophi Myles í aðalhlutverkum.

Tournament of Champions

Golfstöðin kl. 21.00
Bein útsending frá lokahringnum á fyrsta móti ársins í PGA-mótaröðinni á nýju golfstöðinni.

ÞRIÐJUDAGUR 7. JANÚAR

Sunderland - Man. Utd
Stöð 2 Sport kl. 19.35



Bein útsending frá fyrri leik Sunderland og Manchester United í undanúrslitum enska deildarþikarsins.

The Big Bang Theory (7:24)

Stöð 2 kl. 20.35
Vinsælasti gamanþáttur veraldar. Gáfnaljósinn Leonard og Sheldon eru kostulegir í samskiptum við stelpurnar.

The Mentalist (4:22)

Stöð 2 kl. 20.50



Patrick Jane skáldar lista með nöfnum manna sem grunaðir eru um að vera raðmorðinginn Red John. Listanum er stolið og allir á honum eru í stórhættu.

Pretty Little Liars (18:24)

Stöð 3 kl. 20.25
Dramatískir þættir um fjórar vinkonur sem þurfa að varðveita skelfilegt leyndarmál.

The Pursuit of Happyness

Bíóstöðin kl. 13.30 og 18.35



Sérstaklega átakanleg og sannsöguleg kvikmynd með Will Smith í aðalhlutverki.

Skógardýrið Hugó

Krakkastöðin kl. 19.00
Skemmtileg teiknimynd um skógardýrið Hugó sem lendir í alls kyns spennandi ævintýrum.

Nikolaj og Julie (11:22)

Gullstöðin kl. 21.30



Vinsæl dönsk þáttaröð sem fjallar um líf Nikolai og Julie og vini þeirra í Kaupmannahöfn.

Breathless

Stöð 2 sunnudag kl. 20.10

Fyrsti þátturinn af sex í glænýrri breskri þáttaröð sem gerist snemma á sjöunda áratugnum þegar Bretland var á barmi kynlífsbyltingar. Læknarnir og hjúkkurnar á kvennadeildinni hafa í nógu að snúast og líf kvensjúkdómalæknisins Ottos Powell virðist fullkomið en undir yfirborðinu kraumar leyndarmál sem gæti komið honum í koll. Þetta er mögnuð þáttaröð um eldheitar ástríður á spennandi tímum.

MÍÐVIKUDAGUR 8. JANÚAR

The Face (1:8)

Stöð 2 kl. 20.25



Glæný og skemmtileg þáttaröð þar sem ungar og efnilegar stúlkur keppast um að verða næsta ofurfyrirsæta. Þetta eru breskir þættir og það er frægasta fyrirsæta Breta, Naomi Campbell, sem er andlit þáttarins. Hún hefur fengið tvær aðrar ofurfyrirsætur með sér, þær Caroline Winberg og Erin O'Connor. Keppendunum er skipt í þrjú lið og Naomi, Caroline og Erin eru þjálfarar þeirra.

Lærkevej (4:12)

Stöð 2 kl. 21.10
Skemmtileg, dönsk þáttaröð með blöndu af gamni og alvöru. Íbúarnir við Lærkevej eru skrautlegir og búa allir yfir einhverju leyndarmáli.

Baby Daddy (1:10)

Stöð 3 kl. 19.50
Gamanþættir um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar fyrrverandi kærasta hans skilur stúlkubarn eftir í dyragættinni og stingur af.

The Carrie Diaries (8:13)

Stöð 3 kl. 20.10



Önnur þáttaröðin um Carrie Bradshaw, sem áhorfendur þekkja úr þáttaröðinni Sex and the City, þegar hún var yngri og að taka sín fyrstu spor á framabrotinni.



Ljóti andarunginn og ég

Krakkastöðin kl. 19.00

Skemmtileg teiknimynd eftir klassískri sögu H. C. Andersen um litla, ljóta andarungann sem vissi ekki fyrir en hann var orðinn stór að hann var í raun svanur.

Manchester City - West Ham

Stöð 2 Sport kl. 19.35

Bein útsending frá fyrri leik Manchester City og West Ham í undanúrslitum enska deildar bikarsins.

Bad Teacher

Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.10



Gamanmynd með Cameron Diaz í hlutverki afar óhæfs kennara sem þarf að takast á við ýmsar áskoranir í nýju starfi.

FIMMTUDAGUR 9. JANÚAR

Person of Interest (21:22)

Stöð 2 kl. 20.45



Önnur þáttaröðin um fyrrverandi leigumorðingja hjá CIA og dularfullan vísindamann sem leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.

The Michael J. Fox Show (9:22)

Stöð 2 kl. 19.40

Michael J. Fox er tilnefndur til Golden Globe-verðlauna fyrir frammistöðu sína í þessum skemmtilegu gamanþáttum.

MasterChef USA (2:25)

Stöð 2 kl. 20.05

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarmanna á sitt band.

1600 Penn (2:13)

Stöð 3 kl. 19.00



Skemmtilegir gamanþættir um forseta Bandaríkjanna, skrautlega fjölskyldu hans og hin ýmsu uppátæki þeirra í Hvíta húsinu. Aðalhlutverkin leika Bill Pullman og Jenna Elfman.

Shameless (6:12)

Stöð 3 kl. 21.40

Bráðskemmtileg þáttaröð um skrautlega fjölskyldu þar sem uppátækjasamir krakkarnir sjá um sig sjálfir.

Tekinn

Gullstöðin kl. 20.30

Auðunn Blöndal er mættur og núna verða Páll Magnússon og Sigmundur Ernir Rúnarsson fyrir barðinu á honum.

FÖSTUDAGUR 10. JANÚAR

Spider-Man 2

Stöð 2 kl. 20.05



Önnur myndin um Kóngulóarmanninn sem nú þarf að glíma við illmennid Kolkrabba sem hefur í hyggju að leggja undir sig heiminn.

Impractical Jokers (2:8)

Stöð 2 kl. 19.40

Sprenglæglegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á að vera þátttakendur í hrekk í falinni myndavél.

The Sessions

Stöð 2 kl. 22.10



Dramatísk mynd sem sópað hefur til sín verðlaunum. Hún fjallar um fatlaðan mann sem ræður vændiskonu til að hjálpa sér að missa sveindóminn. Aðalhlutverkin leika John Hawkes, Helen Hunt og William H. Macy.

How To Make It in America (1:8)

Stöð 3 kl. 19.45

Skemmtilegir þættir um tvo unga félaga í New York sem eru staðráðnir í að slá í gegn í viðskiptaheiminum og láta ekkert stöðva sig.

A Few Good Men

Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.30



Toppmynd með Tom Cruise, Jack Nicholson og Demi Moore í aðalhlutverkum.

LAUGARDAGUR 11. JANÚAR

Spaugstofan

Stöð 2 kl. 19.45



Spéfuglarnir Karl Ágúst, Pálmi, Siggí, Örn og Laddi eru mættir aftur eftir jólafrí.

Silver Linings Playbook

Stöð 2 kl. 20.10



Einstaklega vel leikin og skemmtileg mynd með Bradley Cooper, Robert De Niro og Jennifer Lawrence sem hlaut Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í myndinni.

Killing Them Softly

Stöð 2 kl. 22.10



Spennumynd með Brad Pitt og Ray Liotta í aðalhlutverkum. Jackie Cogan er fenginn til að bjarga máluum eftir að smákrímar ræna mafiuna.

Atletico Madrid - Barcelona

Stöð 2 Sport kl. 18.50

Bein útsending frá toppslag Atletico Madrid og Barcelona í spænsku úrvalsdeildinni.

Litla stóra pandan

Krakkastöðin kl. 19.00

Skemmtileg teiknimynd um lítinn og sætan pandabjörn sem þarf að bjarga skóginum þar sem panda-birnirnir búa.



SKEMMTILEGRI LAUGARDAGSKVÖLD

Gleðin verður við völd á laugardagskvöldum á Stöð 2 í vetur. Tveir af vinsælustu gamanþáttum síðari ára, Modern Family og Two and a Half Men, hafa fengið nýtt heimili á dagskrá Stöðvar 2 og verða sýndir á laugardagskvöldum í vetur. Þættirnir verða á dagskrá strax á eftir fréttum Stöðvar 2 í opinni útsendingu, fyrst Modern Family kl. 18.55 og síðan Two and a Half Men kl. 19.20. Fjórið hefst 11. janúar en sama

kvöld snýr Spaugstofan aftur eftir stutt jólafrí.

Modern Family hefur hlotið Emmy-verðlaunin sem besti gamanþátturinn undanfarin fjögur ár, eða allt frá upphafi þáttanna.

Two and a Half Men var um árabíl vinsælasti gamanþátturinn í bandarísku sjónvarpi en sl. vetur var það aðeins The Big Bang Theory sem mældist með meira áhorf að meðaltali.



ELTINGALEIKUR

UPP Á LÍF OG DAUÐA

Spennuþáttaröðin *The Following* snýr aftur á Stöð 2 sunnudaginn 26. janúar. Fyrsta þáttaröðin naut mikilla vinsælda hjá áhorfendum og þeir eru margir sem bíða spennir eftir framhaldinu. Þættirnir verða sýndir innan við viku eftir að þeir eru frumsýndir á Fox-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum. Kevin Bacon leikur aðalhlutverkið og hann lofar mikilli spennu og góðri skemmtun í þessari þáttaröð.

Í fyrstu þáttaröðinni af *The Following* kynntust áhorfendur Ryan Hardy, sem Bacon leikur. Hann var fyrrverandi alríkislögrelumaður sem var kallaður aftur til starfa eftir að stórhættulegum morðingja, Joe Carroll, tókst að flýja úr fangelsi. Carroll hafði náð að byggja upp heila her sveit aðdáenda, fólks sem var tilbúið að myrða fyrir átrúnaðargoð sitt. Eftir að hann slapp úr fangelsinu og Hardy var kallaður aftur til starfa upphöfst eltingaleikur upp á líf og dauða.

Fyrsta þáttaröð endaði með mikilli dramatík. Carroll var fastur inni í brennandi húsi þegar mikil sprenging varð og hann var talinn af en áhorfendur fengu aldrei endanlegt svar við því hvort hann væri í raun dáinn. Framhaldið hjá Hardy var einnig óráðið en í lokasenu þáttarins náði fyrrverandi kærasta hans að stinga hann í kviðinn.

Nýtt illmenni kynnt til leiks

Bacon er áfram í aðalhlutverki í næstu þáttaröð þannig að óhætt er að álykta að Hardy hafi lifað árásina af. „Í upphafi nýju þáttaraðarinnar fáum við að sjá framhald af lokaatriðinu úr fyrstu þáttaröðinni,“ segir Bacon þegar hann er spurður um framhaldið. „Síðan stökkvum við eitt ár fram í tímann. Þá er Ryan Hardy heilbrigður, hjartað er í lagi og hann er ekki lengur að vinna fyrir alríkislögreluna. Hann er hættur að drekka, er ástfanginn og virðist vera orðinn sáttur við lífið og tilveruna.“ Nýtt illmenni verður kynnt til leiks í þessari þáttaröð en það er ekki þar með sagt að Joe Carroll hafi sungið sitt síðasta. Nyr „sértrúarsöfnuður“ er kominn til sögunnar og er leiðtogi hópsins jafnvel hættulegri en Carroll.

The Following er fyrsta sjónvarpsþáttaröðin sem Bacon leikur í og hann segist þakklátur aðdáendum þáttanna. „Viðtökurnar hafa verið framar vonum. Áhorfendur sjá kvikmyndaleikara bara í mjög stuttan tíma en leikarar í sjónvarpsþáttum eru fastagestir á heimilum fólks viku eftir viku þannig að sambandið á milli aðdáenda og sjónvarpsleikara er miklu nánara og mér finnst það æðislegt,“ segir Bacon sem hefur upplifað ýmislegt á ferlinum.

Missti aleiguna

Fyrir fimm árum töpuðu Bacon og eiginkona hans, leikkonan Kyra Sedgwick, háum fjárhæðum í einni stærstu svikamyllu sem um getur. Þau voru í hópi þeirra sem treystu fjárfestinum Bernie Madoff fyrir eignum sínum en hann var handtekinn í desember 2008 eftir að hafa svikið um 50 milljarða dollara af fólki í svokallaðri Ponzi-svikamyllu.

Bacon hefur aldrei viljað gefa upp hversu miklu hann tapaði en fréttir herma að hann hafi staðið uppi slyppur og snauður. „Ég verð að taka fulla ábyrgð á gjörðum mínum því að þegar hlutirnir ganga ekki eins vel og maður hefði óskað sér þá er ekki hægt að kenna neinum öðrum um. Ég fór út í þessa fjárfestingu. Það var enginn sem þvingaði mig til þess. Ég var sannarlega mjög reiður út í Madoff en ég var líka reiður við sjálfan mig fyrir að kynna mér ekki málið betur og fyrir að treysta fólki sem ég hefði ekki átt að treysta. Þetta var sannarlega stór áminning en maður verður að læra af mistökunum,“ segir Bacon.



Gordon Ramsey var hætt kominn í Vestmannaeyjum

ÓTTAÐIST UM LÍF SITT

Skoski meistarakokkurinn Gordon Ramsey er mættur aftur í matreiðslukeppninni *MasterChef* sem er á dagskrá Stöðvar 2 á fimmtudögum. Ramsey hefur nokkrum sinnum heimsótt Ísland og frægt var þegar lundapysja beit hann í nefið í Vestmannaeyjum árið 2008. Ramsey hefur einnig sagt frá því að í sömu ferð hafi hann misst fótanna á leið niður af 85 metra kletti og fallið beint í ískaldan sjóinn. „Ég hélt að þetta yrði mitt síðasta,“ sagði Ramsey um þessa lífsreynslu. Hann komst aftur upp á yfirborðið með því að klæða sig úr þungum stígvélunum og regngallanum. Upp-tökuliðið kastaði til hans kaðli en sagði að hann hefði verið í a.m.k. 45 sekúndur í kafi. „Ég var skelfingu lostinn og lungun voru að fyllast af vatni. Ég komst upp á yfirborðið eftir að hafa komist úr stígvélunum og var alveg ringlaður,“ segir Ramsey.

2 MASTERCHEF USA
FIMMTUDAGA KL. 20.05

THE BLACKLIST

SNÝR AFTUR

Spennuþáttaröðin *The Blacklist* sló í gegn fyrir áramót og James Spader hefur verið tilnefndur til Golden Globe-verðlauna fyrir aðalhlutverkið. Strax í haust var ákveðið að fjölga þáttunum úr 13 í 22 þennan vetur og fyrir skömmu var tilkynnt að ráðist yrði í aðra þáttaröð næsta haust. *The Blacklist* hefur verið meðal vinsælustu þátta Stöðvar 2 í vetur og bíða margir spennir eftir framhaldinu. Fyrsti þátturinn eftir áramót er á dagskrá fimmtudaginn 16. janúar, aðeins þremur dögum eftir frumsýningu hans á NBC-sjónvarpsstöðinni.



2 THE BLACKLIST
HEFST 16. JANÚAR

2 RAKE
HEFST 27. JANÚAR



ÓFORBETRANLEGUR SYNDASELUR

Greg Kinnear leikur skrautlegan lögfræðing í þáttaröðinni Rake sem hefur göngu sína á Stöð 2 í janúar. Þættirnir eru byggðir á ástralskri fyrirmynd og fjalla um lögfræðinginn Keegan Deane sem er bráðsnjall í réttarsalnum og tekur að sér mál sem aðrir lögfræðingar reyna að forðast. Keegan er mikill syndaselur. Hann er forfallinn spilafíkill sem leitar í félagsskap vændiskvenna og lifir í stanslausri baráttu við allt og alla, hvort sem það eru fyrrverandi eiginkona, dómarrar, saksóknarar, veðmangarar eða innheimtumenn frá skattinum.

Kinnear segist elska þetta hlutverk. „Hann hefur einstakt lag á því að koma sér í vandræði og getur klúðrað einföldustu hlutum. En þrátt fyrir alla hans galla þá er hann með mjög ríka réttlætiskennd og er í raun með alla þá eiginleika sem ættu að prýða góðan lögmenn.“ segir leikarinn. Rake er gamansöm en jafnframt dramatisk þáttaröð sem beðið er með mikilli eftirvæntingu í Bandaríkjunum. Stöð 2 hefur sýningar á þáttunum mánudaginn 26. janúar, aðeins örfáum dögum eftir frumsýningu á Fox-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum.

Nýr sértrúarsöfnuður er kominn til sögunnar og er leiðtoginn jafnvel hættulegri en Joe Carroll.



2 THE FOLLOWING
HEFST 26. JANÚAR

ÓGNVEKJANDI SPENNA Í AMERICAN HORROR STORY

Bandaríska þáttaröðin American Horror Story: Asylum hefst á Stöð 2 mánudaginn 13. janúar. Þættirnir hlutu 17 tilnefningar til Emmy-verðlauna í haust, fleiri en nokkur önnur þáttaröð. Þetta er önnur þáttaröðin af American Horror Story en ólíkt því sem er í flestum öðrum seríum eru söguhetjurnar nýjar og sagan er alls ekkert tengd þeirri sem sögð var í fyrstu þáttaröð. Þessi þáttaröð gerist á geðveikrahæli og sagðar eru sögur sjúklinganna og

starfsfólksins þar sem atburðir í nútíð og fortíð tvinnast saman á meistaralegan hátt. Þetta eru magnaðir þættir sem vakið hafa mikla athygli, ekki síst fyrir frábæra frammistöðu leikaranna. Með aðalhlutverk fara Jessica Lange, Joseph Fiennes, James Cromwell, Zachary Quinto, Sarah Paulson, og Lily Rabe auk þess sem fjöldi flottra leikara kemur fram í minni hlutverkum. James Cromwell hlaut Emmy-verðlaunin fyrir frammistöðu sína í þáttunum.

2 AMERICAN HORROR STORY: ASYLUM
HEFST MÁNUDAGINN 13. JANÚAR



BROT AF ÞVÍ BESTA 12.-18. JANÚAR

SUNNUDAGUR 12. JANÚAR

Banshee (1:10)
Stöð 2 kl. 21.40



Fyrsti þáttur í annarri þáttaröð um hörkutólið Lucas Hood sem er lögreglustjóri í smábænum Banshee. Ólafur Darri leikur í þáttaröðinni.

Hið blómlega bú (6:6)

Stöð 2 kl. 19.50

Það er komið að þrettándaveislu hjá Árna Ólafi. Á boðstólum er grafin önd, marineruð síld, tvíreykt hangikjöt, rúgbrauð, ostar, laufbrauð og lagkaka.



Breathless (2:6)

Stöð 2 kl. 20.10

Hveitibrauðsdagarnir eru ekki ánægjulegir hjá Richard og Zoe og hann er ósáttur við að Otto tók þátt í að blekkja hann.

Do No Harm (6:13)

Stöð 3 kl. 21.10

Spennandi þættir um lækni sem breytist í óargadýr á hverju kvöldi.

Golden Globe Awards 2014

Stöð 3 kl. 01.00



Bein útsending frá Golden Globe-hátíðinni í Los Angeles þar sem veitt eru verðlaun fyrir bæði sjónvarpsþætti og kvikmyndir.

Öskubuska í villta vestrinu

Krakkastöðin kl. 19.00

Skemmtileg teiknimynd þar sem klassískt ævintýri er fært í nýjan búning og núna er sögusviðið villta vestrið þar sem Öskubuska freistar þess að vinna hug og hjarta ungs kúreka.

Something's Gotta Give

Bíóstöðin kl. 14.10 og 19.55



Rómantísk gamanmynd með Jack Nicholson, Diane Keaton og Keanu Reeves í aðalhlutverkum.

MÁNUDAGUR 13. JANÚAR

True Detective (1:8)
Stöð 2 kl. 21.30



Spennandi þættir með Matthew McConaughey og Woody Harrelson í aðalhlutverkum. Þættirnir eru sýndir innan við sólarhring eftir frumsýningu á HBO í Bandaríkjunum.

Hostages (12:15)

Stöð 2 kl. 20.50

Það eru aðeins tveir þættir eftir af þessum mögnuðu spennuþáttum og nú færast fjór í leikinn.

American Horror Story (1:13)

Stöð 2 kl. 22.15



Önnur þáttaröðin af þessum dulmögnuðu þáttum. Núna er sögusviðið geðveikrahæli þar sem undarlegir hlutir gerast.

The Mindy Project (18:24)

Stöð 3 kl. 20.10

Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástálfinu.

Grey's Anatomy (1:24)

Gullstöðin kl. 20.00

Það verður sannkölluð Grey's Anatomy-veisla á Gullstöðinni í janúar og febrúar því þættirnir eru á dagskrá alla virka daga klukkan 20.00.

The Double

Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.15



Hörkuspennandi mynd með Richard Gere og Tophér Grace í aðalhlutverkum. Rússneskur njósnari sem CIA taldi að væri dauður er kominn aftur á kreik.

Aston Villa - Arsenal

Stöð 2 Sport 2 kl. 19.50

Bein útsending frá leik Aston Villa og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni og Messan klukkan 22.00.



ÞRIÐJUDAGUR 14. JANÚAR

Girls (1:12)
Stöð 2 kl. 21.35



Þriðja þáttaröðin um nokkrar vinkonur á þrítugsaldri í New York. Þættirnir hlutu Golden Globe-verðlaunin á sl. ári.

Á fullu gazi

Stöð 2 kl. 20.05

Fjörugur og skemmtilegur bílaþáttur þar sem Sigríður Elva Vilhjámsdóttir og Finnur Thorlacius koma víða við.

Hart of Dixie (19:22)

Stöð 3 kl. 19.45

Rachel Bilson leikur ungan lækni sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama.

Þriðjudagskvöld með

Frikka Dór (5:24)

Stöð 3 kl. 21.10



Stórsöngvarinn Friðrik Dór er mættur aftur eftir jólafrí með fjölbreyttan og skemmtilegan spjallþátt. Honum til halds og trausts er leikarinn Ásgrímur Geir Logason.

The Watch

Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.30

Bráðfýndin gamanmynd með Ben Stiller, Jonah Hill og Vince Vaughn í aðalhlutverkum. Hún fjallar um fjóra gaura sem ákveða að stofna nágranna-vörslu og berjast gegn glæpum og geimverum.

Gosi

Krakkastöðin kl. 19.00

Ævintýrlegt leikrit um Gosa og það sem gerist þegar hann óhlýðnast föður sínum, skrúpar í skólann og lendir í ótrúlegum ævintýrum.

Anna Pihl (2:10)

Gullstöðin kl. 22.10



Önnur þáttaröðin um dönsku lögreglukonuna Önnu Pihl sem reynir að sameina einkalíf og erilsamt starf á Bellahoj-stöðinni í Kaupmannahöfn.



Heilsugengið

Stöð 2 fimmtudag kl. 20.10

Ný, íslensk þáttaröð þar sem Valgerður Matthíasdóttir, Þorbjörg Hafsteinsdóttir og Sólveig Eiríksdóttir fjalla um mataræði og lífsstíl. Í fyrsta þætti fá áhorfendur m.a. að heyra ótrúlega reynslusögu Guðrúnar Erlingsdóttur, fyrrverandi alþingiskonu, sem losaði sig við fimm tegundir af lyfjum vegna sjúkdóma sem hún var að kljást við. Linda Pétursdóttir fær snilldarráð um mataræðið vegna kvilla sem hrjá hana og Sólveig eldar fyrir hana.

MÍÐVIKUDAGUR 15. JANÚAR

Kolla (10:14)

Stöð 2 kl. 20.25



Vandaður og fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem ræðir við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

The Face (2:8)

Stöð 2 kl. 20.50

Ofurfyrirsæturnar Naomi Campbell, Caroline Winberg og Erin O'Connor eru liðsstjórar í skemmtilegri keppni þar sem efnilegar stúlkur freista þess að slá í gegn.

Lærkevej (3:12)

Stöð 2 kl. 21.35



Danskir þættir um systkini sem ætluðu að fara huldu höfði í rólegu úthverfi en komast fljótt að því að allir nágrannarnir hafa eitthvað að fela.

Sleepy Hollow (9:13)

Stöð 3 kl. 21.35

Ævispennandi þættir sem byggðir eru á klassískri sögu og hafa slegið í gegn í vetur.

Mirror Mirror

Bíóstöðin kl. 15.00 og 20.15



Ævintýramynd um Mjallhviti og dvergana sjö, stjúpmodurina vondu og aðstoðarfólk hennar. Julia Roberts leikur eitt aðalhlutverkanna.



Cold Feet (2:6)

Gullstöðin kl. 21.05

Fimmta þáttaröðin af þessum bráðskemmilegu bresku þáttum sem fjalla um fólk á fertugsaldri sem tekst á við raunir dagsins, hvert með sínum hætti.

Prime Suspect (2:2)

Gullstöðin kl. 21.55

Bresk sakamálamynd í tveimur hlutum með Helen Mirren í aðalhlutverki.

Lína langsokkur

Krakkastöðin kl. 19.00



Hress og skemmtileg teiknimynd um sterkustu stelpu í heimi, Línu langsokk.

FIMMTUDAGUR 16. JANÚAR

The Blacklist

Stöð 2 kl. 21.10



James Spader er mættur aftur í æsispennandi þætti. Hann leikur Red Reddington sem aðstoðar FBI við að klófesta hættulega glæpa- og hryðjuverkamenn.

Person of Interest (22:22)

Stöð 2 kl. 21.55

Spennuþættir af bestu gerð. Reese og Finch þurfa að fá aðstoð við að bjarga tölvunni sem þeir nota til að koma í veg fyrir voðaverk.

Shameless (7:12)

Stöð 3 kl. 21.15



Frank er tilbúinn að gera hvað sem er til að losna við Grammy en Fiona er ekki á sama máli fyrr en Carl sprengir dópverksmiðjuna í kjallaranum.

Game of Thrones (3:10)

Gullstöðin kl. 21.55

Önnur þáttaröðin af þessum magnaða myndaflokki rifjuð upp.

Extremely Loud & Incredibly Close

Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.35

Einkar áhrifamikil mynd sem tilnefnd var til Óskarsverðlauna. Aðalhlutverkin leika Thomas Horn, Tom Hanks og Sandra Bullock.



Stígvélaði kötturinn

Krakkastöðin kl. 19.00

Skemmtileg teiknimynd þar sem sígilda ævintýrið um Stígvélaða köttinn er túlkað frjálstlega.

FÖSTUDAGUR 17. JANÚAR

Impractical Jokers

Stöð 2 kl. 19.40



Sprenglægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á að vera þátttakendur í hrekk í falinni myndavél.

The Simpsons

Stöð 2 kl. 19.20

Bráðfyndin teiknimyndasería um Hómer Simpson og alla hina snillingana í Springfield.

Spider-Man 3

Stöð 2 kl. 20.05

Þriðja myndin um Köngulóarmanninn, með Tobey Maguire í aðalhlutverki. Að þessu sinni á hann í höggi við illmennin Sandman, Venom og erkióvin sinn Goblin.

Fire With Fire

Stöð 2 kl. 22.20



Hörkuspennandi mynd með Josh Duhamel, Bruce Willis og Rosario Dawson í aðalhlutverkum. Slökkviliðsmanni sem verður vitni að morði er boðið að fara í vitnavernd en það dugar skammt og hann þarf að berjast fyrir lífi sínu.

Twenty Four (14:24)

Gullstöðin kl. 21.20

Frábær spennuþáttaröð með Kiefer Sutherland í aðalhlutverki.

The Bodyguard

Bíóstöðin kl. 13.55 og 19.50

Mögnuð og eftirminnleg mynd frá 1992 með Kevin Costner og Whitney Houston í aðalhlutverkum. Fyrirverandi leyniþjónustumaður er ráðinn lífvörður ríkrar stórstjörnu eftir að hún hefur ítrekað fengið alvarlegar morðhótanir.

LAUGARDAGUR 18. JANÚAR

Trouble with the Curve

Stöð 2 kl. 20.10



Clint Eastwood, Amy Adams og Justin Timberlake leika aðalhlutverkin í þessari gæðamynd um gamlan útsendara hafnarbataliðs sem tekur dóttur sína með í síðustu ferðina til að finna efnilegan leikmann.

Modern Family

Stöð 2 kl. 18.55

Bráðfyndin gamanþáttaröð sem hlotið hefur Emmy-verðlaunin undanfarin ár sem besta gamanserían.

Alex Cross

Stöð 2 kl. 22.00



Spennumynd sem byggð er á sögu eftir James Patterson. Hún fjallar um lögreglumanninn Alex Cross sem eltist við raðmorðingja sem nýtir þess að pynta fórnarlömb sín. Aðalhlutverkin leika Tyler Perry og Matthew Fox.

Green Hornet

Stöð 3 kl. 21.40

Hasar-grínmynd frá 2011 með Seth Rogen, Jay Chou, Christoph Waltz og Cameron Diaz í aðalhlutverkum. Glaumgossinn Britt Reid erfir fjölmiðlaveldi föður síns og ákveður að vanda sínu kvæði í kross og segja glæpum stríð á hendur.

Glómeó og Júlía

Krakkastöðin kl. 19.00

Skemmtileg teiknimynd um garðálfinn Gnómeó sem verður yfir sig hrifinn af garðálfa-stúlkunni Júlíu.



Argo

Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.20

Frábær mynd sem hlaut Óskarsverðlaunin sem besta myndin, fyrir handritið og klippingu. Leikstjóri myndarinnar er Ben Affleck sem einnig leikur aðalhlutverkið.

Liverpool - Aston Villa

Stöð 2 Sport 2 kl. 17.20



Spennan magnast í ensku úrvalsdeildinni og það verður ekkert gefið eftir á Anfield Road þegar Liverpool tekur á móti Aston Villa.

AMERICAN IDOL KOMIÐ Á STÖÐ 3



American Idol

Stöð 3 fimmtudag kl. 19.50 og föstudag kl. 20.40

Hæfileikakeppnin American Idol snýr aftur fimmtudaginn 16. janúar og verður á dagskrá Stöðvar 3 í vetur líkt og The X-Factor var fyrir áramót. Þetta er 13. árið sem American Idol fer fram og þættirnir njóta ávallt mikilla vinsælda. Þættirnir eru sýndir á Fox-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum á miðvikudags- og fimmtudagskvöldum en þeir verða á dagskrá Stöðvar 3 innan við sólarhring síðar, fyrri þáttur vikunnar á fimmtudagskvöldum og sá síðari á föstudagskvöldum. Dómarar í ár eru Jennifer Lopez, Keith Urban og Harry Connick Jr. en í fyrstu þáttunum er að venju fylgst með áheyrnarprufum þar sem við sjáum bæði góða og hörmulega söngvara spreyta sig.



BYRJAR ÁRIÐ MEÐ BOMBU

Spurningabomban með Loga Bergmann snýr aftur eftir áramót og verður á dagskrá á föstudagskvöldum. Fyrsti þátturinn, sem ber yfirheitið Áramótabomban, verður hins vegar á dagskrá laugardaginn 4. janúar og verður með veglegra móti.

„Áramótabomban verður nokkurs konar annáll og sker sig aðeins frá hinni venjulegu Spurningabombu. Liðin verða þrjú, farið verður yfir árið í formi spurninga og svo verða leynigestir og ýmislegt skemmtilegt,“ segir Logi. Spurningabomban snýr aftur föstudaginn 24. janúar og verður með hefðbundnu sniði. „Eða eins hefðbundin og þessi þáttur getur verið,“ segir Logi glettinn. „Ég verð þarna og Rúnar verður þarna. Það verða gestir og við höldum í fasta liði eins og myndagátuna og tvífarakeppnina. Svo látum við okkur detta eitthvað nýtt og sniðugt í hug og verðum eins og venjulega með einhver fíflalæti.“ Hvaða gestir verða í þáttunum í vetur? „Þetta er alltaf sama fólk,“ svarar Logi og hlær. „Ég vil vera viss um að þátturinn verði skemmtilegur enda er þetta fyrst og fremst skemmtipáttur

en keppnin sjálf er meira aukaatriði,“ segir Logi en nokkrir fastagestir snúa aftur til að halda uppi stemningunni. „Þetta eru menn á borð við Villa naglbit, Þorstein Guðmundsson og Dóra DNA, sem eru afar skemmtilegir,“ segir Logi sem horfir til breskra spurningabátta við gerð Spurningabombunnar. Til dæmis QI með Stephen Fry. „Þar eru gestir þáttarins mikið til þeir sömu viku eftir viku og eru valdir sérstaklega eftir skemmtilegheitum.“ Hefur Logi lent í því að velja ranga gesti? „Já, já, ég hef lent í því en ég nefni engin nöfn. Maður hefur fengið gesti sem maður hélt að yrðu rosa skemmtilegir og svo fóru þeir til dæmis að taka keppnina

of alvarlega,“ svarar Logi. Hann segir keppnisskapið þó stundum brjótast skemmtilega fram. „Eins og þegar Gummi Ben og Hjörvar Hafliða komu og kepptu við Gerði Kristnýju og Óskar Jónasson. Þá urðu til tvær fylkingar,

Spurningin þarf að vera skemmtileg og svarið helst fáránlegt

menning á móti íþróttum. Það var mjög hressandi.“ Spurningarnar í Spurningabombunni eru allt annars eðlis en í öðrum spurningabáttum. Logi segir nokkra

koma að spurningagerðinni en helst séu það þó hann sjálfur og Ragnar Eypórsson útsendingarstjóri sem semji þær. „Ragnar er mikill nörd og lunkinn í svona spurningum. Þær eru margar af netinu og úr umræðunni. Hann fylgist mjög vel með

og er biónörd sem kemur oft skemmtilega fram í bónusumferðunum,“ segir Logi sem hefur það viðmið í spurningagerð að spurningin þurfi að vera skemmtileg og svarið helst fáránlegt.

Logi er sjálfur mikill spilaáhugamaður. „Við hjónin höldum spilakvöld á hverju ári. Þá spilum við blöndu af alls konar spilum með jafnaðarívafi,“ segir Logi en þá hræra þau saman spilum á borð við Meistarann, Poppunkt, Gettu betur og fleiri góðum. Logi hefur sjálfur spreytt sig á því að búa til spil. „Ég gerði Meistarann um árið en það misheppnaðist að því leyti að það fór röng próförk til Kína og því vantaði smáatriði eins og reglur og nokkrar spurningar voru vitlausar,“ segir hann hlæjandi. Logi hefur þó ekki gefist upp og er nú með í smíðum nýtt borðspil sem hann vonast til að komi út fyrir næstu jól.

STELPURNAR MÆTTAR AFTUR

Verðlaunapáttaröðin Girls snýr aftur á Stöð 2 þriðjudaginn 14. janúar. Þetta er þriðja þáttaröðin um vinkonurnar í New York en þættirnir hlutu Golden Globe-verðlaunin í fyrra sem besta gamanþáttaröðin. Lena Dunham, sem er bæði höfundur og aðalleikkona þáttanna, hlaut einnig Golden Globe-verðlaun sem besta leikkonan í gamanþáttum.

Girls hefur slegið í gegn á HBO-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum og þriðju þáttaraðar er beðið með mikilli eftirvæntingu. Tvöfaldur fyrsti þáttur fer í loftið hjá HBO sunnudaginn 12. janúar og tveimur dögum síðar á Stöð 2. Gagnrýnendur hafa hlaðið þættina lofi, sérstaklega fyrir hversu raunsæja og skemmtilega mynd þeir gefa af lífi ungra kvenna. Lena Dunham byggir söguna að hluta á eigin reynslu og hún hefur vakið athygli fyrir að vera ófeimin við að koma fram nakin í þáttunum.

Þrátt fyrir að vera enginn ofurkroppur finnst henni ekkert stórmál að fækka fötum fyrir framan myndavélarnar. „Það vill enginn sitja nakinn í hundastillingunni í tíu tíma á meðan það er verið að taka upp kynlífsatriði. Það er hvorki sexi né skemmtilegt en þetta er mitt framlag til að sýna raunveruleikann eins og hann er,“ segir Dunham.

2 GIRLS
HEFST 14. JANÚAR





Golfstöðin

NÝ SJÓNVARPSSTÖÐ HEFUR ÚTSENDINGAR

ÖLL RISAMÓTIN OG RYDER CUP Á EINUM STAÐ Í FYRSTA SINN

Ný, íslensk golfstöð hefur útsendingar föstudaginn 3. janúar. Golfstöðin verður með beinar útsendingar frá öllum stærstu mótum heims og í fyrsta sinn verða öll fjögur risamót ársins á einni stöð. Auk þess verður Ryder Cup í beinni á Golfstöðinni, heimsmótaröðin, PGA-mótaröðin og valin mót í Evrópumótaröðinni.

Fyrsta mótið sem sýnt verður í beinni er Hyundai Tournament of Champions sem fer fram á Hawaii um helgina en það er liður í PGA-mótaröðinni. Þetta mót er frábrugðið flestum öðrum mótum ársins að því leyti að það hefst á föstudegi og því líkur á mánudegi en vanalega er spilað frá fimmtudegi til sunnudags. Útsending hefst klukkan 21.30 í kvöld. Golfstöðin verður á rás 27 á myndlyklum Símans, Vodafone og Digital Ísland. Á háskerpumyndlyklum Símans er hún á rás 227 og í háskerpu á rás 527 hjá Vodafone. Útsendingin verður í opinni dagskrá fyrstu helgina. Áhorfendur gætu þurft

að endurræsa myndlyklana til að ná Golfstöðinni. Golfstöðin verður með beinar útsendingar frá mótum 50 vikur á ári, með dagskrá frá því klukkan 8 að morgni og fram yfir miðnætti. Sýndir verða golfþættir alla daga, bæði innlendir og erlendir. Íslenskum kylfingum verður gert hátt undir höfði í sumar og áhorfendur fá betri umfjöllun um golf en þekkt hefur á Íslandi. Áskrift að Golfstöðinni kostar 5.990 kr. á mánuði en aðeins 2.990 kr. ef þú ert með Stóra pakkann eða Sportpakkann og aðeins 4.990 kr. ef þú ert með einhverja aðra áskrift að stöðvum 365 miðla.





ÍSLENSKIR GOLFPÆTTIR OG SKEMMTILEGIR VIÐBURÐIR FYRIR KYLFINGA

Félagarnir Þorsteinn Hallgrímsson og Logi Bergmann Eiðsson munu gefa umfjölluninni um golfið á Golfstöðinni skemmtilegan blæ.

„Það verður gaman að taka þátt í þessu. Golfstöðin mun bjóða upp á sannkallaða veislu fyrir alla golfáhugamenn,“ segir Þorsteinn Hallgrímsson. Steini og Logi stýrðu golfþættinum Tvöfaldur skolli á Stöð 2 Sport og ná vel saman. „Ég hef alltaf gaman af því að vinna með Loga. Hann hefur mikinn áhuga á golfi og það kemur vel fram þegar hann talar um þessa skemmtilegu íþrótt, nálgun hans á íþróttinni er þannig að hann er mjög metnaðarfullur þó að geta hans sé hvergi nálægt væntingum,“ segir Þorsteinn. Verið er að vinna úr ýmsum skemmtilegum hugmyndum að umfjöllun um íslenska golfsumarið

og viðburðum fyrir áskrifendur Golfstöðvarinnar. Fjallað verður um golf og kylfinga á öllum aldri vítt og breitt um landið. Á Golfstöðinni verður einnig úrval af erlendum golfþáttum. Fréttabátturinn Golfing World verður á dagskrá alla virka daga frá og með miðjum janúar en þar er fjallað um allt það nýjasta og ferskasta í golfheiminum. Einnig verða sýndir þættirnir Inside the PGA Tour þar sem áhorfendur fá innsýn í líf kylfinga í PGA-mótaröðinni auk vikulegra þátta með hápunktum hvers móts. Þá verða þættir um mótaröð eldri kylfinga, svokallaða Champions Tour, ásamt þáttum tengdum risamótunum og sögu þeirra.

HVAR OG HVENÆR ERU RISAMÓTIN Í ÁR?

THE MASTERS 10.-13. APRÍL

Masterinn er ávallt fyrsta risamót ársins og fer fram í apríl. Þetta er í 78. sinn sem keppt er um ein eftirsóttustu verðlaunin í íþróttahæminum, að fá að klæðast græna jakkanum. Ólíkt hinum risamótunum fer Masters-mótið ávallt fram á sama velli, Augusta National-golfvelli í Georgíufylki. Ástralinn Adam Scott tryggði sér sigur í fyrra eftir bráðabana við Angel Cabrera.



THE US OPEN 12.-15. JÚNÍ

Opna bandaríska meistaramótið verður haldið á velli númer 2 á Pinehurst-golf-svæðinu í Norður-Karólínu í júní. Þetta er í þriðja sinn sem mótið er haldið á þessum velli en Payne Stewart sigraði þar árið 1999 og Michael Campbell árið 2005. Englendingurinn Justin Rose sigraði á mótinu í fyrra og var það fyrsti sigur hans á risamóti.



BRITISH OPEN 17.-20. JÚLÍ

Opna breska fer fram á Royal Liverpool-golfvelli í júlí og er þetta í tólfta sinn sem þetta fornfræga mót er haldið á þessum velli. Opna breska er elst af risamótunum fjórum og það eina sem haldið er utan Bandaríkjanna. Phil Mickelson fagnaði sigri á mótinu í fyrra og var það fimmti sigur hans á risamóti. Svíinn Henrik Stenson varð í öðru sæti.

PGA CHAMPIONSHIP 7.-10. ÁGÚST

Síðasta risamót ársins í golfi, PGA-meistaramótið fer fram á Valhalla-golfvelli í Louisville, Kentucky, í ágúst. Þetta er í 96. sinn sem PGA-meistaramótið er haldið. Bandaríkjamaðurinn Jason Dufner kom skemmtilega á óvart og sigraði í fyrra en það var fyrsti sigur hans á risamóti. Valhalla-völlurinn er hannaður af Jack Nicklaus og þetta er í þriðja sinn sem PGA-mótið er haldið á þessum velli.



TEKST TIGER AÐ VINNA RISAMÓT Á ÁRINU?



Bandaríkjamaðurinn Tiger Woods er aftur kominn á toppinn á heimslistanum. Nú bíða margir spenntir eftir því hvort Tiger takist að vinna risamót á ný á árinu 2014 en hann hefur ekki sigrað á risamóti síðan 2008.

Tiger er langþekktasti kylfingur heims og hefur verið um árabíl en vandamál í einkalífnum settu allt úr skorðum á golfvöllinum og hann fór í mikla lægð. Hann féll af toppi heimslistans í október árið 2010 og var í vandræðum lengi vel. Tiger fór alla leið niður í 58. sæti á heimslistanum en hafði þá verið í hópi 50 efstu í fimmtán ár. Tiger náði sér betur á strik á sl. ári og hefur nú verið á toppi heimslistans í nokkra mánuði. Honum hefur hins vegar ekki tekist að vinna á risamóti síðan hann fagnaði sigri á US Open sumarið 2008. Það var þriðji sigur hans á US Open en hann hefur sigrað fjórum sinnum á Masters, fjórum sinnum á PGA Championship og þrisvar á Opna þreska. Samtals 14 sigrar á risamótum en Tiger vantar fjóra sigra til viðbótar til að

jafna met Jack Nicklaus sem sigraði 18 sinnum á risamótum á ferlinum.

Fróðlegt verður að fylgjast með framhaldinu hjá þessum snjalla kylfingi og má búast við að hann verði áberandi á nýju Golfstöðinni á árinu.

Um áramót var topplisti heimslistans sem hér segir:

1. Tiger Woods, Bandaríkjunum
2. Adam Scott, Ástralíu
3. Henrik Stenson, Svíþjóð
4. Justin Rose, Englandi
5. Phil Mickelson, Bandaríkjunum
6. Rory McIlroy, Norður-Írlandi
7. Matt Kuchar, Bandaríkjunum
8. Steve Stricker, Bandaríkjunum
9. Zach Johnson, Bandaríkjunum
10. Sergio Garcia, Spáni

HVAÐ ER TIGER MEÐ Í POKANUM SÍNUM?

Driver: Nike VRS Covert 2.0 Tour

Brautartré: Nike VR_S Covert 3 tré (15 gráður) og Nike VR_S Covert 5 tré (19 gráður)

*Tiger er ýmist með 5 tré eða 2 tré í pokanum eftir aðstæðum á vellinum hverju sinni.

Járn: Nike VR Pro Blades

Fleygjárn: Nike 56 degree VR PRO SW og Nike 60 degree VR PRO LW

Púttar: Nike Method 001

Golfbolti: Nike One Tour D

Golfhanskar: Nike Dri-FIT Tour glove

Golfskór: Nike TW 14



UPPGJÖR Í RYDER CUP

RYDER CUP

26.-28. SEPTEMBER

Annað hvert ár mætast úrvalslíð Bandaríkjanna og Evrópu og berjast um Ryderbikarinn. Að þessu sinni fer keppnin fram í Gleneagles í Skotlandi en þetta er í 40. sinn sem þessi magnaða keppni fer fram.

Evrópa hefur titil að verja eftir að hafa lagt Bandaríkin að velli með 14½ stigi gegn

13½ stigi á Medinah Country Club í Illinois árið 2012. Evrópa sigradi einnig árið 2010 þegar keppnin fór fram í Wales.

Tom Watson er fyrirliði bandaríska liðsins í ár en hann er 65 ára og verður þar með elsti fyrirliði liðs í sögu Ryderbikarsins. Paul McGinley er fyrirliði Evrópu-úrvalsins og verður hann fyrsti Írinn til að leiða Evrópu í Ryderbikarnum. McGinley hefur aldrei verið í tapliði í Ryderbikarnum, hvorki sem keppandi né aðstoðarmaður.



GLENEAGLES
SCOTLAND 2014

BEINAR ÚTSENDINGAR UM HVERJA HELGI

Janúar

Tournament of Champions
Sony Open
Volvo Golf Champions
Humana Challenge
Abu Dhabi HSBC Golf Championship
Farmers Insurance Open
Qatar Masters

Febrúar

Waste Management Phoenix Open
Dubai Desert Classic
AT & T Pebble Beach
Northern Trust Open
World Golf Champ.-Accentura Match Play

Mars

The Honda Classic
World Golf Championship-CA Championship
Valspar Championship
Arnold Palmer Invitational
Valero Texas Open

Apríl

Shell Houston Open
The Masters
RBC Heritage
Zurich Classic

Mai

Wells Fargo Championship
The Players Championship
HP Byron Nelson Championship
Crown Plaza Invitational
BMW PGA Championship
The Memorial Tournament

Júní

Fed Ex. St. Jude Classic
US Open
Travelers Championship
AT&T National

Júlí

The Greenbrier Classic
Scottish Open
John Deere Classic
The Open (Opna breska)
RBC Canadian Open

Ágúst

World Golf Championship-Bridgestone Invitational
PGA Championship
Wyndham Championship
The Barclays

September

Deutsche Bank Championship
BMW Championship
The Tour Championship
Wales Open (Celtic Manor)
Ryder Cup

Október

Alfred Dunhill Links Championship (St. Andrews)
Frys.Com Open
Shriners Hospital Open
Volvo Match Play Championship
The McGladrey Classic
CIMB Classic

Nóvember

Sanderson Farms Championship
World Golf Championship - HSBC Champions
OHL Classic
DP World Tour Championship

Desember

The World Challenge
Franklin Shootout
Wendy's Three Tour Challenge
ADT Skills Challenge

3.-6. janúar
9.-12. janúar
11.-12. janúar
16.-19. janúar
16.-19. janúar
23.-26. janúar
24.-25. janúar

30. jan.-2. feb.
1.-2. febrúar
6.-9. febrúar
13.-16. febrúar
19.-23. febrúar

27. feb.-2. mars
6.-9. mars
13.-16. mars
20.-23. mars
27.-30. mars

3.-6. apríl
10.-13. apríl
17.-20. apríl
24.-27. apríl

1.-4. maí
8.-11. maí
15.-18. maí
22.-25. maí
24.-25. maí
29.-1. júní

5.-8. júní
12.-15. júní
19.-22. júní
26.-29. júní

3.-6. júlí
12.-13. júlí
10.-13. júlí
17.-20. júlí
24.-27. júlí

31. júlí-3. ágúst
7.-10. ágúst
14.-17. ágúst
21.-24. ágúst

29. ágúst-1. sept.
4.-7. september
11.-14. september
20.-21. september
25.-28. október

4.-5. október
9.-12. október
16.-19. október
18.-19. október
23.-26. október
Óákveðið

6.-9. nóvember
6.-9. nóvember
Óákveðið
20.-23. nóvember

Óákveðið
Óákveðið
Óákveðið
Óákveðið

PGA Tour 2013-14
PGA Tour 2013-14
European Tour
PGA Tour 2013-14
European Tour
PGA Tour 2013-14
European Tour

PGA Tour 2013-14
European Tour
PGA Tour 2013-14
PGA Tour 2013-14
Heimsmótaröð

PGA Tour 2013-14
Heimsmótaröð
PGA Tour 2013-14
PGA Tour 2013-14
PGA Tour 2013-14

PGA Tour 2013-14
Risamót
PGA Tour 2013-14
PGA Tour 2013-14

PGA Tour 2013-14
PGA Tour 2013-14
PGA Tour 2013-14
PGA Tour 2013-14
European Tour
PGA Tour 2013-14

PGA Tour 2013-14
Risamót
PGA Tour 2013-14
PGA Tour 2013-14

PGA Tour 2013-14
European Tour
PGA Tour 2013-14
Risamót
PGA Tour 2013-14

Heimsmótaröð
Risamót
PGA Tour 2013-14
PGA Tour Playoffs

PGA Tour Playoffs
PGA Tour Playoffs
PGA Tour Playoffs
European Tour
Ryder Cup


European Tour
PGA Tour 2014-15
PGA Tour 2014-15
European Tour
PGA Tour 2014-15
PGA Tour 2014-15

PGA Tour 2014-15
Heimsmótaröð
PGA Tour 2014-15
European Tour

The World Challenge
Shark Shootout
Wendy's
Skills Challenge

Mótaskráin er birt með fyrirvara um breytingar.
Staðfestar dagsetningar síðustu móta ársins 2014 liggja ekki fyrir.





GULLSTÖÐIN Í JANÚAR

GREY'S ANATOMY-VEISLA

Bandaríska þáttaröðin Grey's Anatomy er í framleiðslufri fyrstu vikur ársins en Stöð 2 sýnir ávallt þættina strax í kjölfar frumsýningar í bandarísku sjónvarpi. Á meðan verður sannkölluð Grey's Anatomy-veisla á Gullstöðinni.

Frá mánudeginum 13. janúar verður Grey's Anatomy á dagskrá alla virka daga klukkan 20.00 á Gullstöðinni. Sýndar verða tvær nýjustu þáttaraðirnar um Meredith Grey og alla hina læknana á Grey

Sloan Memorial sjúkrahúsinu í Seattle. Áhorfendur Stöðvar 2 hafa fylgt læknum í gegnum súrt og sætt undanfarinn áratug og þættirnir hafa ávallt notið mikilla vinsælda.

DANSKIR GULLMOLAR

Danskir þættir njóta ávallt mikilla vinsælda hjá íslenskum áhorfendum og nokkrar af bestu þáttaröðum Dana á síðari árum eru rifjaðar upp á Gullstöðinni. Turtildúfurnar Nikolaj og Julie og lögreglukonan Anna Pihl eru á

dagskrá á þriðjudagskvöldum og á sunnudögum eru Króniken og Ørnen á dagskrá. Gamansömu þættirnir um lífið á Lærkevej eru síðan á dagskrá Stöðvar 2 á miðvikudögum og innan skamms snýr kennslukonan Rita aftur í glænýrri seríu.



FRÁBÆRAR MYNDIR Á BÍÓSTÖÐINNI Í JANÚAR

Á Bíóstöðinni eru sýndar nýjar myndir í bland við kvikmyndaperlu undanfarinna ára og það verður glæsilegt úrval mynda í boði í janúar. Á hverjum degi eru sýndar 6-7 kvikmyndir með öllum þekktustu leikurum samtímans. Gamla brúnið Jack Nicholson hefur leikið í mörgum frábærum myndum í gegnum tíðina en hann hefur ekki sést mikið á hvíta tjaldinu á undanföllum árum. Helgina 10.-12. janúar verður Nicholson heiðraður á Bíóstöðinni og sýndar nokkrar toppmyndir með honum í essinu sínu. Föstudaginn 10. janúar verða sýndar myndirnar Anger Management og A Few Good Men en Nicholson var

einmitt tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir frammistöðu sína í síðarnefndu myndinni. Þar leikur hann á móti Tom Cruise og Demi Moore. Laugardaginn 11. janúar verður sýnd ein af betri myndum síðasta áratugar, The Bucket List frá 2007, þar sem Nicholson leikur á móti Morgan Freeman. Á laugardagskvöldið er síðan komið að spennutryllinum The Shining sem Stanley Kubrick leikstýrði árið 1980 eftir sögu Stephens King. Sunnudaginn 12. janúar er síðan komið að rómantísku gamanmyndinni Something's Gotta Give þar sem Jack leikur á móti Diane Keaton og Keanu Reeves.



BROT AF ÞVÍ BESTA 19.–25. JANÚAR

SUNNUDAGUR 19. JANÚAR

Chelsea - Man. Utd
Stöð 2 Sport 2 kl. 15.50



Bein útsending frá stórleik Chelsea og Manchester United á Stamford Bridge.

Breathless (3:6)
Stöð 2 kl. 20.10

Otto, Charlie og Jean komast í kast við lögin og þurfa að svara óþægilegum spurningum.

The Tunnel (8:10)
Stöð 2 kl. 20.55

Nýjar vísbendingar koma fram og hringurinn þrengist um morðingjann en jafnvel lögreglan er í bráðri hættu.

Banshee (2:10)
Stöð 2 kl. 21.40



Stórbrotin þáttaröð um fyrrverandi fanga sem settist að í smábænum Banshee þar sem allt er í hers höndum.

NFL
Stöð 2 Sport kl. 20.00 og 00.00
Í kvöld fara fram úrslitaleikirnir í deildunum tveimur í NFL-deildinni í amerískum fótbolta og verða þeir báðir sýndir í beinni á Stöð 2.

Dýrafjör
Krakkastöðin kl. 19.00
Skemmtileg teiknimynd um dýrahóp sem freistar þess að bjarga heimkynnum sínum með skondnum afleiðingum.

Unsupervised (1:13)
Stöð 3 kl. 20.10



Skemmtileg teiknimyndasería um tvo unglingspilta sem sletta ærlega úr klaufunum.

Kingdom of Heaven
Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.40
Stórbrotin ævintýramynd með Orlando Bloom í aðalhlutverki.

MÁNUDAGUR 20. JANÚAR

Hostages
Stöð 2 kl. 20.50



Það er komið að lokaþættinum í þessum magnaða myndaflokki um lækinn Ellen Sanders sem var skipað að myrða forseta Bandaríkjanna á skurðarborðinu.

True Detective (2:8)
Stöð 2 kl. 21.30

Lögreglumennirnir Rustin Cohle og Martin Hart rannsaka hrottalegt morð á ungri konu og á málið eftir að hafa djúpstæð áhrif á líf þeirra.

The Amazing Race (8:12)
Stöð 3 kl. 19.00

Skemmtileg keppni þar sem nokkur tveggja manna lið eru í æsispennandi kapphlaupi um heiminn og dramatíkin ræður ríkjum frá upphafi til enda.

Offspring (6:13)
Stöð 3 kl. 19.45



Áströlsk þáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna í heimalandinu. Nina er fæðingarlæknir sem gengur allt í haginn ef ástin er undanskilin.

Without a Trace (18:23)
Gullstöðin kl. 21.45

Sakamálasería sem fjallar um sérstaka deild innan FBI sem rannsakar mannhvörf.

The Campaign
Bíóstöðin kl. 11.00 og 16.30
Bráðfyndin gamanmynd með Will Ferrell og Zach Galifianakis í aðalhlutverkum.

Friends With Benefits
Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.10



Gamanmynd með Justin Timberlake og Milu Kunis í hlutverkum góðra vina sem ætla að sanna að vinir geti sofið saman án vandræða.

ÞRIÐJUDAGUR 21. JANÚAR

The Big Bang Theory (9:24)
Stöð 2 kl. 20.30



Sjöunda þáttaröðin um félagana Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar en ástamálin vefjast fyrir þeim.

The Mentalist (6:22)
Stöð 2 kl. 20.50

Patrick Jane fær síðustu vísbendinguna sem hann þarf til þess að komast að því hver sé í raun morðinginn sem kallaður er Red John.

Girls (3:12)
Stöð 2 kl. 21.35

Hannah Horvath og vinkonur hennar komast að því að lífið er ekki bara dans á rósum. Frábær þáttaröð sem hlaut Golden Globe-verðlaunin í fyrra.

Extreme Makeover:
Home Edition (13:26)
Stöð 3 kl. 19.00

Þúsundþjalasmiðurinn Ty Pennington heimsækir fjölskyldur sem eiga við erfiðleika að stríða og endurnýjar heimili þeirra frá grunni.



The Dilemma
Bíóstöðin kl. 15.10 og 20.10
Skemmtileg gamanmynd með Kevin James, Vince Vaughn, Winonu Ryder og Jennifer Connelly í aðalhlutverkum.

Sherlock Holmes:
A Game of Shadows
Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.45



Hörkuspennandi og stórgóð mynd með Robert Downey Jr., Rachel McAdams, Noomi Rapace og Jude Law í aðalhlutverkum.

West Ham - Man. City
Stöð 2 Sport kl. 19.35
Seinni leikur West Ham United og Manchester City í undanúrslitum enska deildarbikarsins.

Ævintýri Samma
Krakkastöðin kl. 19.00
Ævintýralega teiknimynd um skjaldböguna Samma sem leggur upp í pílagrímsferð með félögum sínum til draumaeyjunnar Lapagos.

Spurningabomban Föstudag kl. 19.45

Logi Bergmann Eiðsson er mættur aftur með skemmtilegasta spurningaleikinn í íslenskrí sjónvarpssögu. Spurningabomban naut mikilla vinsælda hjá áhorfendum sl. vetur og það er óhætt að lofa skemmtilegum föstudagskvöldum með Loga næstu mánuðina. Eins og áður eignir hann saman tveimur liðum, skipuðum tveimur keppendum hvoru. Þau þurfa að glíma við lauflettur og skemmtilegar spurningar um allt milli himins og jarðar. Það er ekki aðalatriðið að svara rétt, svo lengi sem svarið kemur öllum í gott skap.

MÍÐVIKUDAGUR 22. JANÚAR

Arrow
Stöð 3 kl. 20.50



Önnur þáttaröðin um milljóna-mæringinn Oliver Queen sem berst gegn glæpum og spillingu í heimaborg sinni. Núna gengur sprengjuvargur laus í borginni og Oliver þarf að taka á öllu sem hann á til að stöðva hann.

Man. Utd - Sunderland
Stöð 2 Sport kl. 19.35
Bein útsending frá seinni leik Manchester United og Sunderland í undanúrslitum enska deildarbikarsins.

Kolla
Stöð 2 kl. 20.30
Vandaður og fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem ætlar að spjalla við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

The Face (3:8)
Stöð 2 kl. 21.00
Glæný og skemmtileg þáttaröð þar sem ungar og efnilegar stúlkur keppast um að verða næsta ofurfyrirsæta.

Touch (8:14)
Stöð 2 kl. 22.30



Önnur þáttaröðin með Kiefer Sutherland í hlutverki föður sem reynir að ná tengslum við fatlaðan son sinn. Þegar faðirinn uppgötvar að sonurinn getur séð fyrir atburði sem enn hafa ekki átt sér stað breytist líf þeirra svo um munar.



Franklín
Krakkastöðin kl. 19.00



Skemmtileg teiknimynd um ævintýrlegu skjaldbókuna Franklín sem reynir að hjálpa veikri ömmu sinni.

October Sky
Bíóstöðin kl. 22.00

Hugljúf mynd sem byggð er á sannri sögu. Homer Hickam býr í námubæ en líf hans tekur stakkaskiptum þegar hann sér gervihnettinum Spútnik skotið út í geim. Hann einsetur sér að gera heimasníðaða geimflaug. Aðalhlutverkið leikur Jake Gyllenhaal.



FIMMTUDAGUR 23. JANÚAR

Heilsugengið
Stöð 2 kl. 20.05



Í kvöld verður m.a. rætt við Sigurjón Sighvatsson sem náði að breyta lífi sínu með gjörbreyttu mataræði og lífsstíl. Einnig er kíkt í heimsókn til Helgu Möller sem hefur verið að berjast við sykurfíkn og afleiðingar hennar.

MasterChef USA (4:25)

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur þar sem áhugakokkar keppast við að galda fram gómsæta rétti.

The Blacklist (12:22)

Glænýr þáttur sem sýndur er aðeins þremur sólarhringum á eftir frumsýningu vestan hafs.

Tower Heist
Bíóstöðin kl. 14.25 og 20.15



Spennandi gamanmynd með Ben Stiller í aðalhlutverki. Hann leikur mann sem lendir í klónum á svikahrappi og ákveður að leita hefnda.

American Idol (3:37)

Stöð 3 kl. 19.50
Áheyrnarprufurnar halda áfram en það eru bara þeir bestu sem komast áfram.

Pláneta 51
Krakkastöðin kl. 19.00

Skemmtileg teiknimynd um geimfarann Chuck Baker sem lendir á Plánetu 51 og heldur að hann sé sá fyrsti til þess að gera það, þangað til aldeilis annað kemur í ljós.



FÖSTUDAGUR 24. JANÚAR

The Amazing Spider-Man
Stöð 2 kl. 20.30



Nýjasta myndin í þessum vinsæla ævintýrabálki. Hér er í brennidepli ósögð saga sem sýnir nýjar hliðar á Peter Parker. Með aðalhlutverk fara Andrew Garfield, Jamie Foxx, Martin Sheen, Sally Field og Emma Stone.

The Eagle

Stöð 2 kl. 22.45



Stórbrotin mynd með Channing Tatum, Jamie Bell og Donald Sutherland í aðalhlutverkum. Sagan gerist árið 140 eftir Krist og fjallar um ungan hershöfðingja sem freistar þess að reisa við orðspor föður síns.

Strike Back (10:10)

Stöð 3 kl. 22.10

Lokaþátturinn í annarri þáttaröð. Hryðjuverkamenn leggja á ráðin um kjarnorkuárás á Jóhannesarborg og sérsveitin er í kapphlaupi við tímamann um að finna sprengjurnar og aftengja þær áður en það er um seinan.

Skrímli í París

Krakkastöðin kl. 19.00



Bráðskemmtileg teiknimynd um skrímsli sem er alls ekki eins vont og skrímsli á að vera.

Thick as Thieves

Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.25

Spennmynd með Morgan Freeman og Antonio Banderas í aðalhlutverkum.

LAUGARDAGUR 25. JANÚAR

Playing For Keeps
Stöð 2 kl. 20.10



Rómantísk gamanmynd með Gerard Butler, Jessicu Biel, Uma Thurman, Catherine Zeta-Jones og Dennis Quaid í aðalhlutverkum.

Dredd

Stöð 2 kl. 21.55

Framtíðarmynd sem fengið hefur mjög góða dóma. Framtíðinni er ógnað af glæpamönnum sem byrja fólki eiturylf til að gera það að viljalausum verkfærum sínum. Dredd dómari segir þeim stríð á hendur.

Ironclad

Stöð 2 kl. 23.25



Spennandi ævintýramynd sem gerist á þrettánda öld í Bretlandi og fjallar um hóp riddara sem berst fyrir frelsi og jafnrétti. Aðalhlutverkin leika James Purefoy, Kate Mara, Brian Cox og Paul Giamatti.

Chronicle

Stöð 3 kl. 21.40

Dramatísk spennmynd um þrjá félagaga sem finna dularfullan hlut sem virðist koma úr öðrum heimi og við snertingu öðlast þeir yfirnáttúrulega krafta.

Hlemmavideo

Gullstöðin kl. 21.45

Pétur Jóhann Sigfússon leikur Sigga sem erfði vídeóleigu eftir föður sinn en dreymir um að verða einkaspæjari.

We Bought a Zoo

Bíóstöðin kl. 12.25 og 18.00

Hugljúf fjölskyldumynd sem byggð er á sönnum atburðum. Með aðalhlutverk fara Matt Damon, Scarlett Johansson og Elle Fanning.



TELMA OG BESTU HESTAMENN LANDSINS

Meistaradeildin í hestaíþróttum

Stöð 2 Sport fimmtudag

Meistaradeildin í hestaíþróttum árið 2014 verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og fer fyrsta mótið fram fimmtudaginn 23. janúar. Telma Tómasson, fréttá- og hestakona, stjórnar umræðu- og viðtalsþáttum í tengslum við mótið og sér um lýsingar. Meistaradeild í hestaíþróttum er mótaröð 7 móta með hálf

mánaðar millibili frá 23. janúar fram í apríl. Keppendur eru úrval bestu hestaíþróttamanna Íslands. Keppnin fer fram annað hvert fimmtudagskvöld, oftast að Ingólfshvoli í Ölfusi. Meistaradeildin spannar langt tímabil, rúmlega 3 mánuði. Mótin eru stutt og áhorfendavæn en hvert og eitt spannar um það bil tvær og hálf klukkustund og eru haldin að mestu innanhúss þar sem

áhorfendur geta látið fara vel um sig. Sömu keppendur keppa á öllum mótum sem auðveldar almenningi að fylgjast með.

Mót Meistaradeildarinnar

verða sem hér segir:

23. janúar : Fjörgangur

6. febrúar : Gæðingafimi

20. febrúar : Fimmgangur

6. mars : Tölt

22. mars : Skeiðgreinar – úti

4. apríl : Slaktaumatölt og skeið



HAMINGJUSAMUR Í HOLLYWOOD

Stephen Amell er orðinn einn heitasti leikarinn í Hollywood en hann leikur aðalhlutverkið í þættinum Arrow sem sýndur er á Stöð 3 á miðvikudagskvöldum. Þættirnir hafa slegið í gegn hjá áhorfendum og þess er vart langt að bíða að Amell bjóðist bitastæð hlutverk í kvikmyndum. Honum gengur einnig allt í haginn í einkalífnum því hann varð pabbi í fyrsta sinn í október. Amell er kvæntur fyrirsetunni Cassöndru Jean sem einnig hefur fengið að kynna frægðinni. Hún tók þátt í fimmtu þáttaröð af America's

Next Top Model og vakti mikla athygli þegar hún ákvað að hætta í þáttunum eftir að hún þurfti að láta klippa hárið og lita það ljóst. Stephen og Cassandra giftu sig á jóladag árið 2012 á paradísareyju í Karíbahafinu og endurtóku síðan hjúskaparheitið í maí í fyrra. Stephen er ekki sá eini í Amell-fjölskyldunni sem gerir það gott í leiklistinni því náfrændi hans, Robbie Amell, leikur eitt aðalhlutverkanna í þáttaröðinni The Tomorrow People sem væntanleg er á Stöð 3 síðar í vetur.



ÓSTÖÐVANDI HLÁTURSKAST

Breski leikarinn Tom Mison var nánast óþekktur þegar hann nældi í aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum Sleepy Hollow sem sýndir eru á Stöð 3 á miðvikudagskvöldum. Hann hafði aðallega unnið í leikhúsum í London en ákvað að láta slag standa og freista gæfunnar í Hollywood. „Ég tók upp stutt myndband í London og sendi framleiðendum þáttanna. Viku síðar fékk ég boð um að koma í þessu,“ segir Mison. „Við vorum þrír sem komum til greina í hlutverkið og vorum í fimm tíma í þessum. Að þeim loknum var ég viss um að ég ætti ekki möguleika og fór að fá mér hamborgara og bjór. En ég var ekki búinn með borgarann þegar ég fékk símtal og mér var tilkynnt að ég hefði hreppst hlutverkið. Mér fannst þetta svo fátíðlegt að ég fékk óstöðvandi hláturskast.“

GOLDEN GLO Í BEINNI Á STÖÐ 3

Verðlaunavertíðin er að hefjast í Hollywood. Í janúar eru tvær stórar verðlaunahátíðir, Golden Globe Awards og Grammy Awards, og verða þær báðar sýndar í beinni útsendingu á Stöð 3.

Golden Globe-verðlaunahátíðin verður haldin sunnudaginn 12. janúar en þar eru veitt verðlaun fyrir bestu frammistöðu í bæði sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Kynnar á hátíðinni verða grínistarnir Tina Fey og Amy Poehler sem einnig voru í því hlutverki á síðastliðnu ári.

Í flokki dramatískra sjónvarpsþátta spá flestir Breaking Bad sigri en þættirnir hlutu einmitt Emmy-verðlaunin á í fyrra. Girls hlaut Golden Globe-verðlaunin í fyrra sem besta tónlistar- eða gamanþáttaröðin og Stelpurnar eru tilnefndar til verðlauna aftur í ár. Grammy-verðlaunahátíðin fer fram sunnudaginn 26. janúar en það er stærsta uppskeruhátíðin í tónlistarheiminum. Rapparnir og leikarinn LL Cool J verður kynnr hátíðarinnar og fjöldi frægtra tónlistarmanna mun troða upp. Í ár fékk Jay-Z flestar tilnefningar, alls níu, en Justin Timberlake, Kendrick Lamar, Macklemore & Ryan Lewis og Pharrell Williams fengu sjö tilnefningar hver.

3 GOLDEN GLOBE AWARDS
12. JANÚAR KL. 01.00

3 GRAMMY AWARDS
26. JANÚAR KL. 01.00

NÝIR DÓMAR

American Idol snýr aftur 16. janúar og verður á dagskrá Stöðvar 3 fram á sumar. Þættirnir verða sýndir innan við sólarhring eftir frumsýningu í bandarísku sjónvarpi og verða á dagskrá á fimmtudags- og föstudagskvöldum.

Þetta er þrettánda árið sem American Idol fer fram og þættirnir eru ennþá á meðal vinsælustu sjónvarpsþátta veraldar. Þó nokkrar breytingar hafa orðið á þáttunum frá síðasta ári en Keith Urban er sá eini af dómurum sem heldur áfram. Randy Jackson, Mariah Carey og Nicki Minaj verða ekki með að þessu sinni en í staðinn er Jennifer Lopez sest aftur við dómaraþorðið eftir að hafa tekið sér eins árs hlé en hún var dómari í tíundu og elleftu þáttaröð.

Þá hefur söngvarinn og sjarmörinn Harry Connick Jr. verið kynntur til leiks í stað Randy Jackson sem hefur verið í dómarsætinu alveg frá upphafi. Randy mun þó ekki segja alveg skilið við þættina því að núna snýr hann sér að því að verða lærimeistari söngvaranna. Harry Connick Jr. þarf vart að kynna en hann hefur selt meira en 25 milljónir platna um víða veröld. Hann er á lista yfir 60 söluhæstu karlkyns tónlistarmenn í Bandaríkjunum og hefur átt sjö breiðskífur

BE OG GRAMMY

3



AR Í IDOL

sem hafa náð á topp 20 listann vestan hafs og tíu breiðskífur sem hafa náð toppsætinu á listum yfir vinsælustu djasslögin, eða fleiri en nokkur annar djasstónlistarmaður. Hann hefur áður komið fram í Idol og gefið keppendum góð ráð. „Ég hef alltaf verið mikill aðdáandi American Idol og hafði virkilega gaman af því að aðstoða keppendum,“ segir Connick Jr. „Það er mikill heiður fyrir mig að fá að vera dómari í þessum þáttum. Ég hlakka mikið til að fá að segja skoðun mína og hjálpa efnilegum tónlistarmönnum að ná langt.“

Hinn tungulipri Ryan Seacrest mun að sjálfsgöðu áfram vera í hlutverki kynnis.



3 AMERICAN IDOL
HEFST 16. JANÚAR


TEIKNIMYNDIR FYRIR FULLORÐNA Á SUNNUDAGSKVÖLDUM Á STÖÐ 3



Það eru ekki allar teiknimyndir ætlaðar börnum. Stöð 3 sýnir bráðskemmtilegar teiknimyndaseríur sem ætlaðar eru eldri áhorfendum með kolsvörtum húmor og skemmtilegum teikningum. Frá og með 19. janúar verða sunnudagskvöldin á Stöð 3 helguð teiknimyndum fyrir fullorðna.

Bandaríska sjónvarpsstöðin Fox hefur haft þann háttinn á að sýna teiknimyndir á sunnudagskvöldum um árabil og það hefur mælst vel fyrir hjá áhorfendum. Teiknimyndakvöldið á Stöð 3 hefst klukkan 18.50 með stuttum þáttum sem byggðir eru á skopmyndablaðinu Mad. Klukkan 19.00 er komið að hinni skrautlegu Belchers-fjölskyldu sem rekur hamborgarastað með misgóðum árangri í þáttunum Bob's Burgers. Önnur bráðfyndin þáttaröð, American Dad, fylgir strax í kjölfarið. Aðalsöguhetjan er njósnarinn Stan Smith sem vinnur fyrir CIA og er alltaf að lenda í vandræðum. Fjölskylda hans er einnig frekar skrautleg og

aðstæðurnar sem hún lendir í eru oft á tíðum ótrúlegar. Húmoristinn Seth MacFarlane er einn af höfundum þáttanna en hann er einnig maðurinn á bak við The Cleveland Show sem hefst klukkan 19.45. Klukkan 20.10 er komið að unglingunum Gary og Joel í þáttunum Unsupervised. Þeir eru 15 ára og reyna að komast klakklaut í gegnum unglingsárin án afskipta foreldra. Klukkan 20.35 er síðan komið að Brickleberry sem er bráðsmellin teiknuð gamanþáttaröð um hóp misheppnaðra þjóðgarðsvaraða sem sjá fyrir að garðinum þeirra verður lokað innan skamms. Gamanið hefst þegar þeim berst óvæntur liðsauki sem hyggst bjarga garðinum.



LÁTA AMERÍSKA DRAUMINN RÆTAST SKEMMTILEG ÞÁTTARÖÐ FRÁ MARK WAHLBERG

Bandaríska þáttaröðin How to Make It in America hefur göngu sína á Stöð 3 föstudaginn 10. janúar. Leikarinn Mark Wahlberg er framleiðandi þáttanna ásamt Stephen Levinson, Rob Weiss og Julian Farino sem gerðu með honum þáttaröðina Entourage. Þættirnir fjalla um tvo félagá þrítugsaldri sem ætla að láta ameríska drauminn rætast og skapa sér nafn í tískuheiminum í New York, hvað sem það kostar. Þetta eru dramatískir en jafnramt gamansamir þættir með Bryan Greenberg, Victor Razuk, Lake Bell og Eddie Kaye Thomas í aðalhlutverkum.



3 HOW TO MAKE IT IN AMERICA
FÖSTUDAGA KL. 19.45

ÓVÆNTUR GLEÐIGJAFI

Gamanþáttaröðin Baby Daddy hefur göngu sína á Stöð 3 miðvikudaginn 8. janúar. Þættirnir fjalla um ungan piparsvein, Ben, sem stendur óvænt uppi með ungbarn eftir að stúlka sem hann átti einnar nætur kynni við skilur barnið eftir hjá honum og stingur af. Ben ákveður að ala barnið upp með hjálp bróður síns, Danny, og tveggja góðra vina, Riley og Tucker. Það reynist ekki einfalt fyrir ungan piparsvein að takast á við uppeldið en hann er staðráðinn í að standa sig í stykkinu.



3 BABY DADDY
MIÐVIKUDAGA KL. 19.50

MEIRA FJÖR Á KRAKKASTÖÐINNI

Krakkastöðin hefur fest sig í sessi hjá ungu kynslóðinni og það verður mikið fjör í janúar. Útsendingar hefjast klukkan 7 að morgni alla daga og standa fram á kvöld. Dóra, Díego, Svampur Sveinsson og Mörgæsirnar frá Madagaskar eru ávallt á sínum stað og lífið í Latabæ og Ávaxtakörfunni er bæði skrautlegt og skemmtilegt. Vinkonurnar Skoppa og Skríttla fara út um hvippinn og hvappinn og Hvellur keppnisbíll þeysist um kappakstursbrautirnar. Tinni, Tobbí og Kolbeinn kaffeinn lenda í ótrúlegum ævintýrum og það er aldrei lognmolla hjá Tomma og Jenna. Það er því alltaf líf og fjör á Krakkastöðinni sem fylgir með áskrift að Stöð 2 og Stöð 3.

HEIMSFRÆG Í LATABÆ

Latibær er einn af vinsælustu þáttum Krakkastöðvarinnar. Fjórða þáttaröðin um Íþróttaálfinn, Sollu stírðu, Nenna níska, Höllu hrekkjusvín, Gogga Mega, Sigga sæta, Glanna glæp og alla hina íbúana í Latabæ er núna í vinnslu og verður frumsýnd síðar á árinu. Eins og áhorfendur Krakkastöðvarinnar vita er komin ný stúlka í hlutverk Sollu stírðu. Chloe Lang tók við keflinu af Julianna Rose Mauriello í þriðju þáttaröð en Julianna er orðin 22 ára og þótti orðin of gömul í hlutverkið. Segja má að Chloe hafi orðið heimsfræg á augabragði því að þættirnir um íbúa Latabæjar hafa verið sýndir í yfir 170 löndum, á fimm hundruð milljón heimilum.

NÝIR ÞÆTTIR UM SVAMP

Ólíkindatólið Svampur Sveinsson fer á kostum í skemmtilegum þáttum á Krakkastöðinni. Núna er unnið að talsetningu á nýrri þáttaröð um Svamp, Pétur krossfisk, Sigmar smokkfisk, Klemma krabba og Hörpu íkorna sem öll búa á Bikinibotnum. Nýju þættirnir hafa ekki verið sýndir á Íslandi áður eða gefnir út á DVD og það verður spennandi að sjá hverju Svampur og félagar taka upp á næst.



LÍFIÐ Í ÁVAXTAKÖRFUNNI

Þættirnir um lífið í Ávaxtakörfunni eru sýndir á Krakkastöðinni í janúar. Mæja jarðarber heldur Ávaxtakörfunni hreinni, Rauða eplið heldur öllu í röð og reglu, Græni bananinn heldur að vinstri sé hægri. Immi ananas heldur mest upp á sjálfan sig og bíður eftir að kórónan komi með póstinum svo hann geti krýnt sjálfan sig konung. Eva appelsína heldur ekki vatni yfir spegilmynd sinni og Gedda gulrót er alltaf glöð og heldur því fram að það sé ekkert eðlilegra en að grænmeti búi í Ávaxtakörfunni.



BÍÓMYNDIR KLUKKAN 19 ALLA DAGA

Á Krakkastöðinni er allt barnaefnið á íslensku. Klukkan 19.00 alla daga er boðið upp á bíómyndir fyrir börnin, ýmist talsettar teiknimyndir eða leiknar, íslenskar barnamyndir. Af skemmtilegum myndum sem sýndar verða í janúar má nefna myndina

Hvíti kóalabjörninn sem sýnd verður sunnudaginn 5. janúar og Litlu stóru pönduna sem er á dagskrá laugardaginn 11. janúar. Leikritið um Gosa verður sýnt þriðjudaginn 14. janúar og önnur klassísk saga er færð í skemmtilegan búning í myndinni Gnómeó og Júlía laugardaginn

18. janúar. Teiknimyndin Dýrafjör, eða Animals United, verður sýnd sunnudaginn 19. janúar en hún fjallar um dýr í Afríku sem freista þess að bjarga heimkynnum sínum og senda mönnunum skýr skilaboð um að taka ekki fram fyrir hendurnar á náttúrunni.



HESTAÍPRÓTTIN HEIM Í STOFU

MEISTARAEILDIN Í BEINNI Á STÖÐ 2 SPORT



Meistaradeildin í hestaípróttum árið 2014 verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Telma Tómasson, fréttar- og hestakona, stjórnar umræðu- og viðtalsþáttum í tengslum við mótið og sér um lýsingar frá mótinu við annan mann.

„Tilhlökkunin er mikil enda verður þetta líklega með skemmtilegri verkefnum sem ég hef tekið að mér á Stöð 2,“ segir Telma Tómasson um aðkomu sína að þáttum um Meistaradeildina í hestaípróttum. Meistaradeildin og 365 miðlar skrifuðu í lok síðasta árs undir samstarfs-samning um beinar útsendingar frá mótarið Meistaradeildarinnar í

hestaípróttum árið 2014. Öll keppnisröðin verður sýnd í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport sem og í gegnum netið í háskerpugæðum fyrir hesta-unnendur nær og fjær. Stöð 2 Sport verður einnig með sérstaka umræðuþætti um keppnisröðina áður en keppnistímabilið 2014 hefst og þá verður einnig umræðuþáttur á stöðinni eftir hverja keppni í vetur. „Ég sjálf

kem að því að halda utan um útsendingar, sjá um lýsingar við annan mann, stjórna viðtalsþáttum og brydda upp á ýmsu áhugaverðu efni sem tengist keppninni og hestamennsku almennt,“ lýsir Telma sem telur Meistaradeildina eina skemmtilegustu keppnina á sviði hestaípróttar. „Þetta er bæði einstaklings- og liðakeppni sem fram fer innandyrna í reiðhöllinni

Ingólfshvoli. Keppt er í sjö mismunandi greinum, knapar eru alltaf þeir sömu en hestarnir valdir eftir keppnisgreinum. Það reynir mjög á fjölhæfni knapanna og nálægð við áhorfendur krefur þá til að vanda reiðmennsku sína,“ útskýrir hún. Telma segir Meistaradeildina dálítið eins og Formúluna, hraða og spennandi. „Skemmtileg spenna skapast milli liða og

knapa, ekki síst vegna þess að það er sigurvegari á hverju keppniskvöldi og áhorfandinn fer að halda með sínum uppáhaldsknapa, -hesti eða -liði. Í ár er mikið um nýja hesta og einnig knapa og því verður keppnin í ár enn skemmtilegri en áður.“ Fyrsta keppnin í Meistaradeildinni fer fram fimmtudaginn 23. janúar og þar verður keppt í fjörgangi.

FA-BIKARINN OG DEILDAR-
BIKARINN Á STÖÐ 2 SPORT

BARIST Í BIKARNUM

Janúar er sannkallaður bikarmánuður í enska boltanum. Þriðja umferðin í FA-bikarnum fer fram núna um helgina og fjórða umferðin undir lok mánaðarins. Einnig er leikið í undanúrslitum deildar-bikarsins þar sem bæði Manchester United og Manchester City eru í eldínunni.

Úrvalsdeildarliðin mæta til leiks í 3. umferð FA-bikarkeppinnar og verða sex leikir sýndir beint nú um helgina. Á laugardag tekur Blackburn á móti Manchester City klukkan 12.35, Rochdale og Leeds mætast klukkan 14.15 og stórleikur umferðarinnar er viðureign nágrannaliðanna Arsenal og Tottenham. Útsending frá þeim leik hefst klukkan 17.05 á laugardag.

Á sunnudag verður flautað til leiks klukkan 11.50 með viðureign Nottingham Forest og West Ham. Útsending frá leik Derby og Chelsea hefst klukkan 14.05 og viðureign úrvalsdeildarliðanna Manchester United og Swansea City hefst klukkan 16.20.

Fyrri leikirnir í undanúrslitum deildarbikarsins fara fram í næstu viku. Sunderland tekur á móti Manchester United 7. janúar og Manchester City tekur á móti West Ham 8. janúar. Seinni leikirnir fara svo fram 21. og 22. janúar.



ÚRSLITALEIKIRNIR
Í NFL Í BEINNI

ÞEIR BESTU MÆTAST

Stöð 2 Sport hefur tryggt sér sýningarréttinn á úrslitaleikjunum í NFL í janúar og febrúar. Leikið verður til úrslita í deildunum tveimur, Þjóðardeildinni og Ameríkudeildinni, sunnudaginn 19. janúar og verða báðir leikirnir sýndir í beinni. Sjálfur Super Bowl-leikurinn fer síðan fram á MetLife Stadium í New Jersey sunnudaginn 2. febrúar. Þetta er í fyrsta sinn í 38 ár sem leikið verður utandyra og má búast við að veðrið geti haft áhrif á úrslitin.



STÓRLEIKIR Á STÖÐ 2 SPORT 2 Í JANÚÁR

ALLT LAGT UNDIR Á ANFIELD

Liverpool hefur glatt aðdáendur sína í vetur og það ríkir mikil bjartsýni á Anfield Road eftir mörg mögurr ár í ensku úrvalsdeildinni. Stórleikur mánaðarins er viðureign Liverpool og Everton á Anfield Road og þar verður ekkert gefið eftir.

Baráttan í ensku úrvalsdeildinni hefur líklega aldrei verið jafnari og ljóst að fleiri lið koma til með að taka þátt í baráttunni um titilinn en undanfarin ár. Liverpool mætir Stoke á útivelli 12. janúar, fær síðan Aston Villa í heimsókn 18. janúar og síðan er það stórleikurinn gegn erkifjendunum í Everton þriðjudaginn 28. janúar. Liðin mættust á Goodison Park, heimavelli Everton, í nóvember og þeim leik lauk með 3-3 jafntefli. Það var einn skemmtilegasti leikur tímabilsins til þessa og það má því búast við miklu fjöri þegar liðin mætast aftur á Anfield. Annar ómissandi risaslagur fer fram á Stamford Bridge í Lundúnum

sunnudaginn 19. janúar þegar Chelsea tekur á móti Manchester United. Rauðu djöflarnir eiga einnig leiki gegn Swansea og Cardiff í janúar, báða á Old Trafford. Arsenal heimsækir Aston Villa mánudaginn 13. janúar, fær síðan Fulham í heimsókn 18. janúar og lýkur mánuðinum með erfiðum útileik gegn Southampton. Gylfi Sigurðsson fer með félagum sínum í Tottenham á kunnuglegar slóðir því liðið mætir fyrrverandi félagum hans í Swansea sunnudaginn 19. janúar. Síðan tekur við enn einn risaslagurinn þegar Tottenham fær Manchester City í heimsókn miðvikudaginn 29. janúar.



BROT AF ÞVÍ BESTA 26. JAN. – 1. FEB.

SUNNUDAGUR 26. JANÚAR

The Following (1:15)
Stöð 2 kl. 21.15



Kevin Bacon er mættur aftur í hlutverki Ryans Hardy í þessum frábæru spennuþáttum. Fyrsta þáttaröð endaði með mikilli dramatík en enn ríkir óvissa um afdrif fjöldamorðingjans Joe Carroll.

The Tunnel
Stöð 2 kl. 22.00

Næstsíðasti þátturinn og spennan er að ná hámarki. Á sama tíma og lögreglan er hársbreidd frá því að ná morðingjanum fer allt í hundana hjá Karl.

Brickleberry (2:10)
Stöð 3 kl. 20.35

Bráðsmellnir teiknaðir gamanþættir um hóp misheppnaðra þjóðgarðsvaraða sem sjá fyrir sér að garðinum þeirra verði lokað innan skamms.

Grammy Awards 2014
Stöð 3 kl. 01.00



Bein útsending frá Grammy-verðlaunahátíðinni. Meðal tilnefndra eru Jay-Z, Justin Timberlake, Kendrick Lamar, Macklemore og Ryan Lewis, og Pharrell Williams. Kynnir hátíðarinnar er LL Cool J.

Seinfeld (15:22)
Gullstöðin kl. 18.25

Að margra mati besta gamanþáttaröð allra tíma. Jerry, George, Elaine og Kramer eru alla daga á Gullstöðinni.

Lincoln
Bíóstöðin kl. 22.00 og 04.25



Stórbrotin sem Steven Spielberg leikstýrir. Daniel Day-Lewis hlaut Óskarsverðlaunin fyrir aðalhlutverkið.

Alpha og Omega
Krakkastöðin kl. 19.00
Bráðskemmtileg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna um úlfa sem teknir eru burt frá hjörð sinni.

MÁNUDAGUR 27. JANÚAR

Rake (1:13)
Stöð 2 kl. 20.50



Frábærir þættir með Greg Kinnear í aðalhlutverki og fjalla um lögfræðinginn Keegan sem er forfallinn spilafíkill og tekur lífinu ekki alltof hátíðlega.

True Detective (3:8)
Stöð 2 kl. 21.30

Magnaðir þættir frá HBO sem sýndir eru innan við sólarhring eftir frumsýningu í Bandaríkjunum. Ólafur Darri kemur fram í þáttaröðinni.

American Horror Story (3:13)
Stöð 2 kl. 22.15



Dulmögnuð þáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda. Nú er söguviðið geðveikrahæli og sagðar eru sögur sjúklinganna og starfsfólksins.

Grey's Anatomy (11:24)
Gullstöðin kl. 20.00

Það er aldrei lognmolla hjá læknum í Seattle. Grey's Anatomy-veislan er alla virka daga klukkan 20 á Gullstöðinni.

Trainspotting
Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.35

Ein besta mynd allra tíma. Aðalhlutverkinn leika Ewan McGregor, Ewen Bremner, Jonny Lee Miller og Robert Carlyle. Leikstjóri er Danny Boyle.



Gullbrá og birnirnir 3
Krakkastöðin kl. 19.00



Stórskemmtileg og launfyndin talsett teiknimynd þar sem snúið er rækilega út úr ævintýrinu sígilda um Gullbrá og birnina þrjá.

ÞRIÐJUDAGUR 28. JANÚAR

The Mentalist (7:22)
Stöð 2 kl. 20.50



Ein allra vinsælasta erlenda þáttaröð Stöðvar 2 og núna nálgast uppgjörið milli Patrick Jane og morðingjans Red John.

Girls (4:12)
Stöð 2 kl. 21.35

Þriðja þáttaröðin um vinkonur á þrítugsaldri sem búa í New York og fjallar um aðstæður þeirra og samskiptin við hitt kynið.

Daily Show: Global Edition
Stöð 2 kl. 22.50

Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum.



Þriðjudagskvöld
með Frikka Dór
Stöð 3 kl. 21.10



Frikki Dór fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi. Ási félagi hans er aldrei langt undan og í þættinum er tónlist, stuð og stemning.

Río
Krakkastöðin kl. 19.00
Skemmtileg teiknimynd um sjaldgæfan, bláan arnpáfa sem lendir í ótrúlegum ævintýrum í Río í Brasilíu.

Bowfinger
Bíóstöðin kl. 15.15 og 20.20



Gamanmynd með Steve Martin og Eddie Murphy í aðalhlutverkum. Þegar misheppnuðum kvikmyndagerðarmanni mistekst að fá stórstjórn til að leika í lélegu myndinni sinni ákveður hann að mynda leikarann á laun.



MÍÐVIKUDAGUR 29. JANÚAR

Sleepy Hollow (11:13)
Stöð 3 kl. 21.40



Æsispennandi þættir um Ichabod Crane sem á dularfullan hátt vaknar upp frá dauðum eftir rúm 220 ár í smábænum Sleepy Hollow til að hafa uppi á hinum höfuðlausa hestamanni sem einnig er genginn aftur, blóðþyrstari en nokkru sinni fyrr. Engar venjulegar leiðir til að handsama glæpamenn duga þegar staðið er andspænis höfuðlausa hermanninum og trylltri ótemju hans.

2 Broke Girls (24:24)
Stöð 2 kl. 20.05
Önnur þáttaröðin af þessum hressilega gamanþætti um stölluarnar Max og Caroline.

Kolla
Stöð 2 kl. 20.25
Vandaður og fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem ætlar að spjalla við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.

The Face (4:8)
Stöð 2 kl. 20.50



Naomi Campbell er í aðalhlutverki í þessari skemmtilegu fyrirsætuþætti þar sem ungar og efnilegar stúlkur fá tækifæri til að slá í gegn.

Lærkevej (7:12)
Stöð 2 kl. 21.35
Skemmtileg, dönsk þáttaröð með kolsvörtum húmor. Kim er fluttur inn til Elisabeth og Astrid fer á stefnumót með gömlum vini.



ÍSLAND GOT TALENT

Stöð 2 sunnudag kl. 19.45

Stærsti sjónvarpsviðburður vetrarins. Leitað er að hæfileikaríkustu einstaklingum landsins. Kynnir keppinnar er sjónvarpsmaðurinn góðkunnir Auðunn Blöndal. Dómarar eru Bubbi Morthens, einn ástsælasti tónlistarmaður landsins, sjónvarpskonan vinsæla og söngkonan Þórunn Antonía Magnúsdóttir, knattspyrnumaðurinn og söngvarinn Jón Jónsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra.

Junior MasterChef (5:22)

Stöð 3 kl. 19.00



Skemmtileg matreiðslukeppni þar sem krakkar á aldrinum 8 til 12 ára fá tækifæri til að heilla dómara í MasterChef með gómsætum réttum.

Love Happens

Bíóstöðin kl. 14.35 og 20.10
Áhrifamikil og rómantísk mynd með Aaron Eckhart og Jennifer Aniston í aðalhlutverkum.

Rauðhetta... með nýju bragði 2

Krakkastöðin kl. 19.00
Skemmtileg teiknimynd þar sem rækilega er snúið út úr ævintýrinu um Rauðhettu og úlfinn.



FIMMTUDAGUR

30. JANÚAR

Heilsugengið (3:8)

Stöð 2 kl. 20.05



Að þessu sinni verður m.a. rætt við viðskiptafræðinginn Önnu Þóru Ísfold sem læknaði sig af þunglyndi með því að breyta um mataræði.

MasterChef USA (5:25)

Stöð 2 kl. 20.50

Kjafftori meistarakokkurinn Gordon Ramsey fer fyrir dómurum í þessari skemmtilegu matreiðslukeppni.

The Blacklist (13:22)

Stöð 2 kl. 21.10



Frábær spennuþáttaröð sem hefur slegið í gegn í vetur. James Spader fer á kostum í hlutverki hins dularfulla Red Reddington sem núna aðstoðar FBI við að handsama eftirlýsta glæpamenn.

American Idol (5:37)

Stöð 3 k. 19.50

Fjórið heldur áfram í American Idol. Þátturinn er sýndur innan við sólarhring eftir frumsýningu í Bandaríkjunum.

Backdraft

Bíóstöðin kl. 22.00 og 03.50



Spennumynd frá 1991 með Kurt Russell, William Baldwin og Robert De Niro í aðalhlutverkum. Leikstjóri er Ron Howard.

FÖSTUDAGUR

31. JANÚAR

Spurningabomban

Stöð 2 kl. 19.45



Logi Bergmann leikur á als oddi í laufléttum og skemmtilegum spurningaleik.

Batman

Stöð 2 kl. 20..30



Ofurhetjumynd frá 1989 þar sem Leðurblökumaðurinn fer í stríð við hið ógurlega illmenni Jókerinn. Aðalhlutverkin leika Michael Keaton, Jack Nicholson og Kim Basinger. Leikstjóri er Tim Burton.

Dark Tide

Stöð 2 kl. 22.35



Spennumynd með Halle Berry og Olivier Martinez í aðalhlutverkum. Berry leikur kafara sem fer með auðkýfing í sérlega áhættusaman leiðangur innan um hættulega hákarla þar sem ekkert má út af bregða.

Luck (1:9)

Stöð 3 kl. 22.10



Hörkuspennandi þáttaröð frá HBO með Dustin Hoffman og Nick Nolte í aðalhlutverkum.

LAUGARDAGUR

1. FEBRÚAR

Two and a Half Men

Stöð 2 kl. 19.15



Glæný syrpa af einum allra vinsælasta gamanþætti síðari ára. Sýnd í opinni dagskrá.

That's My Boy

Stöð 2 kl. 20.10



Frábær grínmynd með Adam Sandler og Andy Samberg í aðalhlutverkum. Hún fjallar um ungan mann sem hefur ekki hitt pabba sinn í mörg ár en hann snýr óvænt aftur þegar sonurinn er að fara að gifta sig.

Total Recall

Stöð 2 kl. 22.10



Mögnuð spennumynd með Colin Farrell í aðalhlutverki. Þetta er endurgerð af samnefndri mynd frá 1990 með Arnold Schwarzenegger.

Cougar Town (6:15)

Stöð 3 kl. 20.30
Skemmtileg gamanþáttaröð með Courteney Cox úr Friends í aðalhlutverki.

The Practice (2:13)

Gullstöðin kl. 20.00

Lögfræðidrama af bestu gerð með Dylan McDermott, Kelli Williams og Lara Flynn Boyle í aðalhlutverkum.



STÓRLEIKIR Í ENSKA BOLTANUM

Enska úrvalsdeildin

Stöð 2 Sport 2

Heil umferð fer fram í ensku úrvalsdeildinni á þriðjudag og miðvikudag í þessari viku. Stórleikur umferðarinnar er viðureign nágrannaliðanna Liverpool og Everton á Anfield Road á þriðjudagskvöldið. Viðureignir þessara liða eru ávallt mjög fjörugar en Everton hefur ekki náð að leggja Liverpool á Anfield síðan í september 1999. Það verður því á brattann að sækja fyrir hina bláklæddu í þessum leik.

Á sama tíma tekur Manchester United á móti Aroni Einari Gunnarssyni og félagum hans í Cardiff City og Southampton fær Arsenal í heimsókn. Á miðvikudagskvöldinu er annar stórleikur á dagskrá þegar Gylfi Sigurðsson og félagar hans í Tottenham taka á móti Manchester City á White Hart Lane. Sama kvöld mætast einnig nágrannaliðin Chelsea og West Ham á Stamford Bridge í Lundúnum.

Það er skammt stórra högga á milli í enska boltanum því strax á laugardag er næsta umferð og fer Manchester United í heimsókn til Stoke City, Hull tekur á móti Tottenham og nágrannarnir í Newcastle og Sunderland eigast við. Sunnudaginn 2. febrúar fer Liverpool í heimsókn til West Brom og Arsenal fær Crystal Palace í heimsókn. Umferðinni lýkur á mánudag með stórleik Manchester City og Chelsea.



STÆRRI ÁSKRIFTARPAKKAR

Fjölvarpið hefur tekið stórfelldum breytingum að undanfögnu og hafa áskriftarpakkar stækkað verulega. Fjölmar gar nýjar og áhugaverðar sjónvarpsstöðvar hafa bæst við það mikla úrval sem fyrir var og eru nýir áskriftarpakkar í boði. **Hér fyrir neðan er að finna gagnlegar upplýsingar um áskriftarpakkana í Fjölvarpinu. Vakin er athygli á því að breytingarnar eiga sér stað á netmyndlyklum símafélaganna Vodafone og Símanns.**

ÞÚ GREIÐIR MINNA!
Peir sem eru með áskriftarpakka hjá 365 greiða 1.000 kr. minna af fjölvarps-pakkanum.



FRÁBÆRT FJÖLVARP

Veröld

Fjölbreytt úrval stöðva með alls kyns efni. Barnaefni, fréttir, tónlist, bíómyndir, heimildarmyndir – allur pakkinn!

66 stöðvar
digital island 46 stöðvar

5.990 kr.

Fréttir og fræðsla

Frábærar fréttastöðvar, heimildarmyndir og fjölbreytt efni fyrir fróðleiksfúsa.

28 stöðvar
digital island 20 stöðvar

3.990 kr.

Toppur

Allt sem hugurinn gírnist. Fréttir, bíómyndir, barnaefni, íþróttir, lífsstílsþættir, raunveruleikaþættir, tónlist og heimildarþættir.

26 stöðvar
digital island 23 stöðvar

3.990 kr.

Evrópa

Allar bestu evrópsku fréttastöðvarnar í einum og sama pakkanum.

23 stöðvar
digital island 14 stöðvar

2.990 kr.

Landsbyggð

Flottur og fjölbreyttur pakki með stöðvum sem nást út um allt land í gegnum Digital Island.

digital island 7 stöðvar

2.990 kr.

Erlent sport

Allt það nýjasta og áhugaverðasta sem evrópskar íþróttastöðvar hafa upp á að bjóða. Algjörlega ómissandi fyrir unnendur fjölbreyttra íþróttar. Golf, körfubolti, fótbolti í bland við ítarlegar íþróttarfréttir á SKY News.

10 stöðvar
digital island 9 stöðvar

2.990 kr.

Háskerpa og þrívídd

Fjölbreytt úrval stöðva í bestu mögulegu gæðum, háskerpu og þrívídd.

16 stöðvar

3.990 kr.

Bíó og skemmtun

Pakki sem hentar allri fjölskyldunni. Bíómyndir, tíska, fréttir af fræga fólkinu, tónlist, íþróttir, barnaefni og fréttastöðvar og matreiðsluþættir.

30 stöðvar
digital island 19 stöðvar

3.990 kr.

Brot af því besta

Sérstakur þriggja mánaða kynningarpakki sem gefur þér tækifæri til að kynna frábærri dagskrá Fjölvarpsins. Fréttir og fróðleikur, bíómyndir, skemmtiþættir, íþróttir og margt annað.

SÍMINN OG VODAFONE
10 stöðvar

1.990 kr.

HVAR FINN ÉG FJÖLVARPSSTÖÐVARNAR Á MYNDLYKLINUM?

SÍMINN	Rás Heiti	62 Animal Planet	77 Fox News	99 Fashion One	133 Hustler TV	238 DR3 HD
	31 DR1	63 Discovery Channel	81 Cartoon Network	100 Fine Living	134 Blue Hustler	257 BBC HD
	32 DR2	64 Discovery World	82 Disney JR	105 TVE	144 Extreme Sports	258 High TV 3D HD
	33 NRK1	66 Nat. Geography	83 Disney XD	106 ARD	145 Motors TV	293 Fashion One HD
	34 NRK2	67 Discovery I.D.	84 Boomerang!	108 SAT1	147 Golf Channel	297 Outdoor Ch. HD
	35 NRK3 & Super	68 Nat Geo Wild	85 JimJam	109 ZDF	148 Liverpool TV	298 Luxe TV HD
	36 SVT1	69 BBC Knowledge	91 Star!	111 TVP Polonia	149 NBA TV	299 Fashion TV HD
	37 SVT2	71 BBC World News	92 E!	112 Rai Due	150 Man Utd TV	328 IConcerts HD
	38 Kringvarp Færeyja	72 CNN	93 Fashion TV	113 TV5 Monde	151 Chelsea TV	
	52 CBS Reality	73 Bloomberg	94 BBC Lifestyle	123 MTV Hits	231 DR1 HD	
	53 BBC Entertainm.	74 CNBC	96 Travel Channel	125 VH1 Hits	233 NRK1 HD	
	54 TCM	75 Sky News	97 Style Network	126 VH1 Classic	235 NRK3 & Super HD	
	55 MGM	76 AlJazeera	98 Food Network	129 MTV Rocks	236 SVT1 HD	
	58 Eurochannel					
VODAFONE	Rás Heiti	53 Travel Channel	68 Discovery I.D.	85 Bloomberg	118 Chelsea TV	531 DR3 HD
	30 DR1	54 Food Network <td>69 CBS Reality <td>86 AlJazeera <td>120 Golf Channel <td>532 SVT1 HD</td> </td></td></td>	69 CBS Reality <td>86 AlJazeera <td>120 Golf Channel <td>532 SVT1 HD</td> </td></td>	86 AlJazeera <td>120 Golf Channel <td>532 SVT1 HD</td> </td>	120 Golf Channel <td>532 SVT1 HD</td>	532 SVT1 HD
	31 DR2	55 E! Network <td>70 Disney Channel <td>90 ARD <td>121 Motors TV <td>534 NRK1 HD</td> </td></td></td>	70 Disney Channel <td>90 ARD <td>121 Motors TV <td>534 NRK1 HD</td> </td></td>	90 ARD <td>121 Motors TV <td>534 NRK1 HD</td> </td>	121 Motors TV <td>534 NRK1 HD</td>	534 NRK1 HD
	32 SVT1	56 Style Network <td>71 JimJam <td>91 ZDF <td>122 Extreme Sports <td>535 Travel Ch. HD</td> </td></td></td>	71 JimJam <td>91 ZDF <td>122 Extreme Sports <td>535 Travel Ch. HD</td> </td></td>	91 ZDF <td>122 Extreme Sports <td>535 Travel Ch. HD</td> </td>	122 Extreme Sports <td>535 Travel Ch. HD</td>	535 Travel Ch. HD
	33 SVT2	57 Fashion TV <td>73 Cartoon Network <td>92 SAT1 <td>141 Blue Hustler <td>536 NRK3 & Super HD</td> </td></td></td>	73 Cartoon Network <td>92 SAT1 <td>141 Blue Hustler <td>536 NRK3 & Super HD</td> </td></td>	92 SAT1 <td>141 Blue Hustler <td>536 NRK3 & Super HD</td> </td>	141 Blue Hustler <td>536 NRK3 & Super HD</td>	536 NRK3 & Super HD
	34 NRK1	58 Fashion One <td>74 Disney JR <td>100 TV5 Monde <td>142 Hustler TV <td>555 IConcerts HD</td> </td></td></td>	74 Disney JR <td>100 TV5 Monde <td>142 Hustler TV <td>555 IConcerts HD</td> </td></td>	100 TV5 Monde <td>142 Hustler TV <td>555 IConcerts HD</td> </td>	142 Hustler TV <td>555 IConcerts HD</td>	555 IConcerts HD
	35 NRK2	59 Fine Living <td>75 Boomerang! <td>101 TVP Polonia <td>150 MTV Hits <td>556 LUXE TV HD</td> </td></td></td>	75 Boomerang! <td>101 TVP Polonia <td>150 MTV Hits <td>556 LUXE TV HD</td> </td></td>	101 TVP Polonia <td>150 MTV Hits <td>556 LUXE TV HD</td> </td>	150 MTV Hits <td>556 LUXE TV HD</td>	556 LUXE TV HD
	36 NRK3 & Super	61 Nat. Geographic <td>76 Disney XD <td>102 Eurochannel <td>151 VH1 Classic <td>557 Fashion TV HD</td> </td></td></td>	76 Disney XD <td>102 Eurochannel <td>151 VH1 Classic <td>557 Fashion TV HD</td> </td></td>	102 Eurochannel <td>151 VH1 Classic <td>557 Fashion TV HD</td> </td>	151 VH1 Classic <td>557 Fashion TV HD</td>	557 Fashion TV HD
	38 Kringvarp Færeyja	62 Nat Geo Wild <td>80 Sky News <td>106 Rai Due <td>156 MTV Rocks <td>558 Fashion One HD</td> </td></td></td>	80 Sky News <td>106 Rai Due <td>156 MTV Rocks <td>558 Fashion One HD</td> </td></td>	106 Rai Due <td>156 MTV Rocks <td>558 Fashion One HD</td> </td>	156 MTV Rocks <td>558 Fashion One HD</td>	558 Fashion One HD
	48 MGM	63 Animal Planet <td>81 Fox News <td>108 TVE <td>157 Cmusic <td>610 Hustler TV HD 3D</td> </td></td></td>	81 Fox News <td>108 TVE <td>157 Cmusic <td>610 Hustler TV HD 3D</td> </td></td>	108 TVE <td>157 Cmusic <td>610 Hustler TV HD 3D</td> </td>	157 Cmusic <td>610 Hustler TV HD 3D</td>	610 Hustler TV HD 3D
	49 TCM	64 BBC Knowledge <td>82 CNN <td>115 NBA TV <td>523 High TV 3D <td>611 Red Light TV HD</td> </td></td></td>	82 CNN <td>115 NBA TV <td>523 High TV 3D <td>611 Red Light TV HD</td> </td></td>	115 NBA TV <td>523 High TV 3D <td>611 Red Light TV HD</td> </td>	523 High TV 3D <td>611 Red Light TV HD</td>	611 Red Light TV HD
	50 BBC Entertainm.	65 Discovery Ch. <td>83 CNBC <td>116 Man Utd TV <td>524 Outdoor Ch. HD <td></td> </td></td></td>	83 CNBC <td>116 Man Utd TV <td>524 Outdoor Ch. HD <td></td> </td></td>	116 Man Utd TV <td>524 Outdoor Ch. HD <td></td> </td>	524 Outdoor Ch. HD <td></td>	
	51 BBC Lifestyle	66 Discovery World <td>84 BBC News <td>117 Liverpool TV <td>530 DR1 HD <td></td> </td></td></td>	84 BBC News <td>117 Liverpool TV <td>530 DR1 HD <td></td> </td></td>	117 Liverpool TV <td>530 DR1 HD <td></td> </td>	530 DR1 HD <td></td>	
	52 Star!					
DIGITAL ISLAND	Rás Heiti	33 CNBC	49 Animal Planet	58 Style Network	71 DR2	89 TVE
	22 Discovery Ch.	34 BBC World News <td>50 BBC Entertainm. <td>60 Disney Channel <td>72 SVT1 <td>90 Blue Hustler</td> </td></td></td>	50 BBC Entertainm. <td>60 Disney Channel <td>72 SVT1 <td>90 Blue Hustler</td> </td></td>	60 Disney Channel <td>72 SVT1 <td>90 Blue Hustler</td> </td>	72 SVT1 <td>90 Blue Hustler</td>	90 Blue Hustler
	23 Discovery World	36 AlJazeera News <td>51 BBC Lifestyle <td>61 Jim Jam <td>73 SVT2 <td>91 Hustler TV</td> </td></td></td>	51 BBC Lifestyle <td>61 Jim Jam <td>73 SVT2 <td>91 Hustler TV</td> </td></td>	61 Jim Jam <td>73 SVT2 <td>91 Hustler TV</td> </td>	73 SVT2 <td>91 Hustler TV</td>	91 Hustler TV
	24 Discovery I.D.	42 Extreme Sports <td>53 MGM <td>63 Boomerang! <td>74 NRK1 <td></td> </td></td></td>	53 MGM <td>63 Boomerang! <td>74 NRK1 <td></td> </td></td>	63 Boomerang! <td>74 NRK1 <td></td> </td>	74 NRK1 <td></td>	
	25 Nat. Geographic	44 Chelsea TV <td>54 TCM <td>64 Cartoon Network <td>75 NRK2 <td></td> </td></td></td>	54 TCM <td>64 Cartoon Network <td>75 NRK2 <td></td> </td></td>	64 Cartoon Network <td>75 NRK2 <td></td> </td>	75 NRK2 <td></td>	
	26 Nat Geo Wild	45 Man Utd TV <td>55 Travel Channel <td>65 MTV Hits <td>80 ARD <td></td> </td></td></td>	55 Travel Channel <td>65 MTV Hits <td>80 ARD <td></td> </td></td>	65 MTV Hits <td>80 ARD <td></td> </td>	80 ARD <td></td>	
	30 Sky News	47 Liverpool TV <td>56 Food Network <td>66 VH1 Classic <td>81 ZDF <td></td> </td></td></td>	56 Food Network <td>66 VH1 Classic <td>81 ZDF <td></td> </td></td>	66 VH1 Classic <td>81 ZDF <td></td> </td>	81 ZDF <td></td>	
	31 Fox News	48 NBA TV <td>57 E! <td>70 DR1 <td>82 SAT1 <td></td> </td></td></td>	57 E! <td>70 DR1 <td>82 SAT1 <td></td> </td></td>	70 DR1 <td>82 SAT1 <td></td> </td>	82 SAT1 <td></td>	
	32 CNN					

BBC HD ER KOMIN Á FJÖLVARPIÐ

EINSTÖK UPPLIFUN FRÁ BBC

Nýverið hófust útsendingar á Fjölvarpinu á nýrri háskerpurás á vegum BBC, og nefnist hún einfaldlega BBC HD. Hér er á ferðinni einstök úrvals rás, sem býður upp á bestu fáanlegu mynd og hljóðgæði sem völ er á í dag, og er eins og segir í tilkynningu frá BBC, að áhorfendur séu ekki bara að horfa, heldur taka þátt í upplifun. Meðal þátta sem boðið er upp á eru matreiðsluþættir, náttúru- og dýralífsþættir, frábærir tónleikar og vinsælustu leiknu þættirnir úr safni BBC.



FJÖLBREYTTAR LÍFSSTÍLSSTÖÐVAR Á FJÖLVARPINU

Style Network er vinsæl stöð á Fjölvarpinu og hentar vel þeim sem fylgjast með nýjustu tísku og tiskustraumum. Stöðin sýnir hátískufatnað frá tiskusýningum víða um heim og einnig er þar að finna ýmis skemmtileg tiskuráð og tiskutengda þætti.

Auk Style Network er að finna Fine Living sem er ný rás hjá Fjölvarpinu og er rásin strax orðin mjög vinsæl hjá þeim sem sækja í vandaða afþreyingu. Food Network er rás sem einnig nýtur mikilla vinsælda og eru

hávaðabelgurinn Guy Fieri og hin stóíska Ina Garten þar meðal þáttastjórnenda. Food Network er rás fyrir alla sem vilja kynna sér matargerð frá ýmsum sjónarhornum. Þá er tvær albestu rásirnar sem fjalla um tísku að finna á Fjölvarpinu, Fashion TV og Fashion One, en þá síðarnefndu er eingöngu að finna á Fjölvarpinu, enda í einkadreifingu hjá 365 hér á landi. Þessar rásir eru einnig fáanlegar í háskerpu í HD viðbótarpakkanum.

FLEIRI NÝJAR STÖÐVAR BÆTAST VIÐ

Nýverið stækkaði Fjölvarp 365 verulega og bættust við flórana fjölmargar nýjar sjónvarpsstöðvar sem margar hverjar hafa ekki verið fáanlegar hér á landi áður. Eurochannel er ný evrópsk stöð sem sýnir bæði þætti og kvikmyndir frá ýmsum Evrópulöndum. Þá hefur loks TVP Poland bæst við flórana í Fjölvarpinu, auk þess sem IConcerts hefur bæst við Háskerpupakkann. Það er ný sjónvarpsstöð sem sérhæfir sig í flutningi á tónleikum í heild sinni, auk þess sem hinir geysivinsælu þættir Jools Holland eru sýndir þar. Barnarásir Fjölvarpsins bjóða upp á nýjar Disney-rásir og hafa Disney Junior & Disney XD nú bæst við.

Tónlistaráhugafólk hefur ekki farið varhluta af því að MTV Rocks & VH1 Classics hafa bæst við auk þess sem CBS Reality er einnig ný viðbót. Þá hefur BBC Knowledge nýverið bæst við glæsilegt úrval í Fjölvarpinu.




KRINGVARPIÐ KOMIÐ

Fjölvarpið býður nú Kringvarp Færeyja sem nýja rás í eftirtöldum pökkum: Veröld, Evrópu og Bíó og Skemmtun. Hér er á ferðinni frábær leið til að kynna frændum okkar Færeyingum betur. Norrænu stöðvarnar eru í Veröld, Evrópu, Topp- og Bíó- & Skemmtipökkunum. Þá eru nýjar rásir komnar í háskerpupakkann, og ber þar hæst DR3, SVT1, NRK1, 3 & Super. Fjölbreytt úrval nýrra þátta er að finna á þessum rásum, auk kvikmynda og beinna útsendinga frá ýmsum viðburðum.



Vegna frábærra undirtekta framlengjum við tilboðið okkar!

7.990 kr. + 0 kr.



Sex frábærar sjónvarpsstöðvar

Með Skemmtipakkanum færðu aðgang að sex frábærum stöðvum, aðgang að Tónlist.is í þrjá mánuði og Stöð 2 Vild sem er eitt öflugasta vildarkerfi landsins.



Netið og heimasími innifalið í 36 mánuði

Tilboðið býðst út janúar!



Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Of gott til að vera satt?

- 1 Raunverulegur sparnaður**
Þú sparar frá 60.000 kr. á ári og því 180.000 kr. á gildistíma tilboðsins miðað við verð ráðandi aðila á markaði.
- 2 Langur gildistími**
Gildir í allt að 36 mánuði sem skilar sér í auknum heildarsparnaði. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma.
- 3 Auðvelt að skipta**
Það er bæði fljótlegt og einfalt að skipta yfir í net- og símaþjónustu 365. Við tengjum þig, þér að kostnaðarlausu.
- 4 Ekkert smátt letur**
Alltaf er greitt línugjald eins og hjá öðrum þjónustuaðilum á markaðnum. Við bjóðum upp á leigu á hágæða Zyxel-netbeini.



Kynntu þér tilboðin nánar í verslun okkar í Skaftahlíð 24 eða í sölubás okkar á jarðhæð Kringlunnar.
Þjónustuver 512 5100 | Nánar á 365.is

